819.1
Fin

FERNIR

# FORNÍSLENSKIR RÍMNAFLOKKAR

ER

**FINNUR JÓNSSON**

GAF ÚT

EIGN HINS ÍSLENSKA BÓKMENTAFJELAGS

KAUPMANNAHÖFN
Í PRENTSMIÐJU S. L. MÖLLERS
1896

Rímnavininum

Jóni Borgfirðing,

föður mínum sjötugum

eru þessar fornrímur eignaðar

F. J.

HÁSKÓLA-
BÓKASAFN

## *Formálsorð.*

*Rímnakveðskapur hófst á Íslandi á 14. öld, og er Ólafsríma Einars Gilssonar (um Stiklastaðabardaga) talin ellst allra rímna. Á 14. og 15. öld stóð þessi kveðskapur í miklum blóma, og var þá allur fjöldi rímna kveðinn. Allar þessar rímur eru nefndar hinar eldri til greiníngar frá þeim rímum, er ortar vóru eftir siðabótina hjer um bil. Aðalmunurinn er einkum tvenns konar; eldri rímurnar eru ortar eftir hinum fornu bragreglum og með fornu atkvæði samstafna og raddstafa (smbr. Bragfræði mína), og má og að því leyti telja þær með fornaldarbókmentum. Í annan stað eru flestar af þessum rímum til á skinni (einstöku eru aðeins til á pappír og er upphaflega skinnbókin týnd og tröllum gefin). En það getur aldrei orðið skotaskuld úr því, að sjá, hverjar rímur eru fornar og hverjar eru ýngri.*

*Þessar rímur vóru frá upphafi ortar útaf innlendum goðasögnum og fornum fræðum, innlendu (norrænu eða íslensku) söguefni (smbr. Ágrip mitt af bókmentasögu Ísl.); en þess var eigi leingi að bíða, að skáldin færu einkum og sjerílagi að yrkja útaf ævintýrum og uppspunnum sögum, innlendum (Fornaldarsögum) og útlendum, og er nú til mesti grúi af þess konar rímum; sýnir það best, hvern smekk menn höfðu á Íslandi um 1400 og þar á eftir.*

*Þessar rímur hafa margfaldlega þýðíngu. Fyst og fremst eru þær þá merkur liður í bókmentum vorum eftir eðli sínu, og ber þá að skoða þær á fagurfræðilegan hátt. Í öðru lagi eru þær afarmerkar vegna efnis síns, og ber það mest til, að sögur þær, er rímurnar eru ortar útaf, annaðhvort oft eru gjörtýndar eða þá aðeins til í ýngri uppskriftum og afbökuðum; rímurnar sýna þá söguna í eldri og betri mynd (t. d. Griplur); þess er vert að geta, að þegar efnið er útlent, t. d. tekið úr fornfrönsku kvæði, er þetta kvæði stundum týnt og efni þess því aðeins til í íslensku rímunum. Þessar rímur eru því allmerkar firir útlenda bókmentasögu og það hafa fræðimenn löngu sjeð. — Í þriðja lagi hafa rímur þessar einstaka þýðíngu firir íslenskt mál á 14. og 15. öld; hendíngar og bragsmeðferðin sýna betur en nokkuð annað, hvernig málið var þá í öllum greinum og hverjum stakka-*

skiftum það hafði tekið síðan á 13. öld til dæmis að taka. Það mætti því semja fullkomna lýsíngu málsins á því skeiði, er nefnt var, aðeins eftir rímunum. — Auk þessa er mart enn smávegis, er til mætti telja.

Það liggur nú í augum uppi, að lángæskilegast væri, að allar þessar rímur yrðu prentaðar í einni heild og eftir þeim kröfum um nákvæmni, sem nú eru gerðar. En þetta er geysimikið verk og bundið stórmikilli firirhöfn og kostnaði; það er óhætt að segja, að slík útgáfa á lángt í land enn. Þess vegna er gott, að stöku og stöku rímnaflokkar verðir gefnir fyst um sinn út hver í sínu lagi, eða fleiri saman, eftir því sem verkast vill. Hver sannur fornfræðíngar fagnar, því fleiri rímur sem eru leiddar í ljós smám saman, enda spillir það á eingan hátt firir því, að rímurnar verði einhvern tíma síðar gefnar allar út í einu lagi. Firir þá menn af alþýðu Íslands, er enn unna rímnakveðskap, eru þessar rímur að minnsta kosti gamanslestur, enda eru þær víðast vel ortar og smellnar, oft og tíðum vel og hnittilega orðaðar; þær eru að öllum jafnaði auðskildar, málið ljóst og ekki sjerlega edduborið.

Jeg hef í þetta sinn ráðist í að gefa út fernar af þessum fornrímum. Þær eiga að því leyti sammerkt, að þær eru allar kveðnar útaf fornnorrænni goðafræði og fornsögnum, sem henni eru skyldar, og eru nú ekki fleiri rímur til útaf þess konar efni; þessir flokkar eru því heild út af firir sig, og má vel hlýða, að prenta þá saman.

L o k r u r og G r i p l u r hafa aldrei verið prentaðar fyrr í heilu líki; Þ r y m l u r og V ö l s ú n g s r í m u r hafa verið prentaðar í Eddubók Möbiusar, (með Möb. í aths. er vísað til þeirrar bókar), en sú bók er í fæstra höndum og fullkomlega úrelt Eddukvæðaútgáfa, sem einginn kaupir nú á dögum nema ef vera skyldi rímnanna vegna, og eru þær ekki fyllilega rjett prentaðar. Það var því full ástæða til þess, að fella ekki þessar rímur undan, og því fyllri, sem Völsúngsrímur að minnsta kosti eru mjög merkar og oft notaðar af fræðimönnum.

L o k r u r eru ortar útaf ferð Þórs til Útgarðaloka (og eftir honum hafa rímurnar nafn sitt), er lesa má í Snorra Eddu, í Gylfaginníng kap. 43—47, og er þar fylgt annaðhvort samskonar handriti sem Konúngsbók er eða Ormsbók (Wormianus), en þær eru náskyldar. Oft og einatt eru höfð alveg sömu orð og setníngar í rímunum, sem eru hjá Snorra, enda er saga hans þrædd (en stundum vantar auðsjáanlega vísur í, og er þess getið neðan máls). Þótt æskilegt væri og fróðlegt, verður ekki komið því við hjer, að fara út í frekari samanburð á sögunni og rímunum, hvorki þessum nje hinum, sem eftir fara.



Þ r y m l u r eru ortar útaf Þrymskviðu (eða Hamarsheimt). Er í rímunum farið stundum nokkuð öðruvísi með efnið, það er orðum aukið, ýkt og gert kátlegra á ýmsan hátt (I 1—11 er sjálfsagt frumort af höf.; eins er t. d. upptalníng jötna og tröllkvenna í III 6—7 hans eigin viðbót), og má segja, að höf. hafi ekki farið ósmekklega með efnið.

G r i p l u r eru ortar útaf sögu Hrómundar Gripssonar, en sú saga er nú löngu týnd[1]. Hrómundarsaga, sem nú er til, er síðari manna tilbúníngur. Þessar rímur hefur prófessor E. Kölbing rannsakað í hinu fróðlega riti sínu: Beiträge zur vergleichenden geschichte der romantischen poesie und prosa des mittelalters, Breslau 1876; hefur hann og þar prentað kafla og kafla úr þeim og borið þær saman við söguna. — Á eftir Völsungakviðu enni fornu (í Eddu) stendur meðal annars svo: »Helgi ok Sigrún er kallat at væri endrborin. Hét hann þá Helgi Haddingjaskati, en hon Kára Hálfdanardóttir, s v á s e m k v e ð i t e r í K á r u l j ó ð u m, ok var hon valkyrja«. Það er vafalaust, að efnið í þessum Káruljóðum, sem eru týnd, hefur verið það sama sem í síðasta kaflanum í Hrómundarsögu eða rímunum útaf henni, og er það mjög merkilegt og mikils vert.

V ö l s ú n g s r í m u r sýnast ekki beinlínis kveðnar útaf neinni skrifaðri sögu, en efnið í þeim svarar til efnisins í 1. kafla Völsúnga sögu (kap. 1—8); höf. sýnist að hafa þekt söguna eftir munnlegri frásögn og sett allt svo saman. Að minnsta kosti er það bert, að I 1—50 er frá hans eigin brjósti og efnið tekið nokkuð úr hinum svonefnda formála firir Snorra Eddu og fystu kapítulum Gylfaginníngar. Þó er ekki víst, nema hann hafi haft einhvern skráðan samsetníng firir sjer, að því er aðalsöguna snertir. Að efni og framsetníngu eru þessar rímur allmerkar.

L o k r u r, Þ r y m l u r og V ö l s ú n g s r í m u r eru allar til á skinni, en aðeins í einni bók, 604 g í 4° í Árnasafni, og vantar þó upphafið á Þrymlum. G r i p l u r eru til í heilu líki aðeins í einu handriti, 610 4° í Árnasafni; það handrit er með hendi Jóns Gissurssonar og er ritað eftir týndri skinnbók; uppskrift Jóns er góð og að öllu samtöldu nákvæm nema að rjettritun. Þar næst eru rímurnar í rímnabókinni í Wolfenbüttel (W); er til afskrift af henni í 3 bindum í Árnasafni 387, 2°; Völs.r. eru í 2. bindinu, ritaðar af Gísla Brynjólfssyni, og er það mein við þá uppskrift, að stafsetníngu skinnbókarinnar er ekki fylgt. Í þessari bók vantar alla fystu rímu og 53 fystu erindin í annari. Þar að auk er tekstinn þar mjög slæmur; erindunum er oft rótað afleitlega um, einkum í 3. rímu, og

[1]) Sögunnar um Hrómund, haugbrot Þráins og Hröngvið víking er þegar getið á öndverðri 12. öld (Sturl. I 19).

*er það af því víst, að rímurnar eru ritaðar eftir minni, eins og Kölbing hefur athugað; svo er og víða mjög afbakað, orð og setníngar. Loks er upphafið og endirinn (I 1—36 og VI 37—58) til í 146a, 8° í Árnasafni; það er rímnabók Jóns Finnssonar í Flatey; og hefur þetta handrit eflaust verið allgott*[1]. *Tekstinn er lángbestur í 610, en þó má leiðrjetta hann víða eftir hinum, einkum W, og það hef jeg gert, þar sem mjer þótti þurfa, en oft er vafasamt, hvað upphaflegra er, þegar um orðamun er ræða, ef hvort-tveggja er að öllu samtöldu jafngott.*

*Nöfnin á rímunum eru tekin eftir þeim sjálfum; »Lokrur« stendur í síðasta erindinu (bls. 10), sömuleiðis »Þrymlur« (bls. 16), ennfremur »Griplur« í næstsíðasta erindinu í þeim rímum. Þetta eru lagleg nöfn, er stafa frá höfundunum sjálfum, og er auðvitað sjálfsagt að halda þeim. Í hdr. er titillinn stundum eins:* »lokrur eru þetta«, *smbr.* »íj lo$^{a}$«, »hier er íij lokra rima«, »íiij lo$^{w}$ri *(?)*«; *[í Þrymlum eru eingir titlar, annað en* »íj.ri*(?)*« »iij. . . .n *(ɔ:* m*?)*s*(?)* *Rima*»*]; í W eru eingir titlar í Griplum; í 146 er titillinn:* »Hier Byriar Hromundar Rijmur«, *í 610* »Hromundar rijmur« *(svo er framvegis* »Aunnur Hr. rima, þridia *osfrv., nema aðeins* »fiorda rima«*); en þetta nafn er til búið af riturum. — Hvað nú Völsúngs-rímur snertir, er titillinn bls. 43 orðrjettur eftir hdr.; titlar yfir einstöku rímunum eru svo:* »onnvr rima«, »íij. Rima«, »íiij. wols Rima«, »v. Rima volsung*(?)*«, ».vj. rima vols«; *eftir þessum titlum mætti styst og lagbest nefna rímurnar:* Völsúngsrímur, *eins og líka gert hefur verið.*

*Um höfundana veit maður ekkert, nema hvað höf. Völs.rímna kallar sig í IV 49* »Vitulus vates«[2]; *þetta hafa menn skilið svo, sem það væri sama sem »Kálfr skáld« á íslensku, og væri það þá sami maðurinn sem Kálfr bróðir Hallsson (um 1400; sjá J.Þork. Digtningen osfrv. bls. 235—7). Allar eru þessar rímur sjálfsagt ortar um 1400. Að svo stöddu verður ekki sagt nánara um tímann.*

*Um aðferð mína við útgáfu þessa er það í stystu máli að segja, að jeg hef prentað rímurnar nákvæmlega eftir handritunum með þeim afbrigðum, að jeg hef leiðrjett alt það sem mjer fanst rángt vera og auðsjáanlega af-bakað af riturum, en jeg hef ævinlega getið þess neðan máls, hvað í hdr. stendur. Með ". . ." eru auðkendar afbakanir, sem jeg hef ekki getað leið-rjett. Bragarhátturinn hjálpar oft ágætlega til að leiðrjetta tekstann, eink-*

*1) Þar sem Jón Þorkelsson í „Digtningen på Island osfrv.“ segir, að brot af rímunum sje til í 603, 4°, er það ekki rjett. Þar er ekki einn stafur til nú af þeim. — Í aths. er með „J.Þork.“ vísað til nefndrar bókar.* *2)* Vitulis *f.* vituli *hef jeg af ásettu ráði ekki viljað breyta eða leiðrjetta.*



*um t. d. annar eins og sá, sem G. II er ort undir; ef þær tvær hendíngar í hverju vísuorði öndverðu hefðu ekki verið, hefði eingum dottið í hug, að t. d.* Einninn *(19. er.) er afbakað úr* Errinn, *eða* margar *(sst.) úr* miklar *eða* Harðliga *(22. er.) úr* Höldum *eða* gylltr *(25. er.) úr* geitr *osfrv. (Smbr. og G. V). Það má telja víst, að það er mart í hdr., sem er rángt, þ. e. öðruvís en skáldin sjálf kváðu, en þó málrjett, og dettur eingum í hug að leiðrjetta það. Hvort jeg hafi hitt alstaðar á hið rjetta, læt jeg lesendur dæma um.*

*Í annan stað hef jeg ekki farið eftir rjett- (eða ráng-)ritun handrit-anna*[1] *(nema neðan máls, og þó ekki alveg í afskrift Gísla af W), heldur hef jeg reynt að semja ritháttinn þ. e. orðmyndirnar sem næst eftir því, sem ætla má, að skáldin og samtíðarmenn þeirra hafi talað almennt. Í þessu efni er mest farandi eftir bragreglum og hendíngum, enda hef jeg þá og tekið nákvæmlega eftir orðmyndunum í öllum öðrum fornrímum, sem prentaðar hafa verið. Jeg hygg, að það sjeu aðeins smámunir, sem vafi geti leikið á, en í öllu verulegu er það víst, hvernig rita skal, og skal jeg nú skýra frá því helsta, þvíað jeg get ekki farið hjer svo nákvæmlega út í það mál, sem æskilegt væri, og liggja þar til ýmsar orsakir.*

*Raddstafaleingd: jeg hef alstaðar ritað* é *(ekki* je*); það er auð-sjeð, að raddstafurinn hefur verið lángur, á því, að einmitt þær samstöfur (t. d.* þér, mér*) yrðu (styttar þ. e.) rángar og eingar aðrar, eða með öðrum orðum: þar sem skáldin gæta þess vandlega, að hafa samstöfu lánga (t. d. fysti liður ⏊ ×), þar yrði hún stutt (1. liður ⏑ ×) aðeins þar sem orð með é (je) með einföldum samhljóð á eftir standa. Á einstöku stað sýnist* é *vera sett móti* e, *og er það þá annaðhvort ónákvæmar hendíngar, sem stundum hittast, eða — ef til vill — vottur þess, að hinn ýngri framburður var farinn að brydda á sjer, og skáldin svo einstöku sinnum leyft sjer að nota hann, en þó forðast það sem mest. Í þessu sambandi skal þess getið, að samstafan verður oft (stutt þ. e.) röng, þar sem* hef *stendur í 1. per-sónu (*hef eg*); jeg hygg að þar eigi ekki að rita* hefi *(uppleysíng), heldur* hefr (eg), *eins og t. d. í V. V 27;* r *hefur snemma komist inn í 1. pers. frá 2. og 3.; eins á víst eflaust að rita* fær eg *G. II 14 (smbr.* gjörir *Þ. II 4). — Lángan raddstaf hef jeg og ritað firir framan* ng *og* nk (-áng, -íng, -úng, eing*) nema* öng *(ekki* aung*); leingdin hefur hjer hafist nokkru síðar en í hinum, enda er oftast ritað* o *í hdr. Svo hef jeg og ritað* í *í* tíginn, *sjá V. II 24. — Hljóðvarp af* a *rita jeg alstaðar* ö *(ekki* ǫ*) og táknast þar með hinn ýngri framburður þess hljóðs á Íslandi.*

*1) Ritháttur rímnaskrifaranna gefur rammskakka hugmynd um mál höf-undanna, og er því til lítils að prenta þrælrjett eftir hdr.*

og var það leyfi -- sögðu
Aðeins í stöku orðum og þó stöku sinnum — og var það leyfi -- sögðu
skáldin a: hand L. I 4, hafn G. VI 5, hall V. III 32, rand V. III 19,
VI 25, skamm G. IV 40. Hið ýngra hljóðvarp af á á eftir v hef jeg al-
staðar ritað (ó), nema á stöku stað þar sem hendíngar heimtuðu á (Váli
G. II 53, en Vóla — í hend. — V 14, kván V. I 53, tvá L. I 10 — í
hdr. tuo —, svá Þ. III 9, V. I 37, en svó G. V 47, vár Þ. III 18, —
en t. d. vóðir G. II 10, vórir V. I 11 osfrv.). Í ǫðlíngr hef jeg ætíð ritað
au, enda er og oftast ritað svo í hdr., og þar að auk er það allforn fram-
burður við hliðina á ó. Mismunandi hljóð eru — eins og enn þann dag
í dag — höfð í orðinu nótt (nótt: þrótt L. II 22, nátt: brátt L. II 7);
hef jeg þar haldið rithætti hdr. Sama er að segja um tvímyndir sem vér:
vær, þar hef jeg fylgt hdr. Þar sem hendíng heimtar óvanalega raddstafi
á einstöku stað hef jeg ritað svo, t. d. otta á móti hrotta G. II 58 (en
átta V. I 14), vén á móti knén V. II 35 (en vænt IV 12), kúng- á móti
úng- G. II 27; alt slíkt er »skáldaleyfi«, er þó styðst við framburð ein-
stakra manna eða sveita. Þar til heyrir og orðmyndin sun G. V 38, en
ekki hún (sst.); það var almennur framburður, þó hefði átt að rita hún
Þ. III 19 (prentvilla er hún G. IV 28). Tvau — en ekki tvö, þótt svo
sje ritað í hdr. — er hið eina rjetta, smbr. L. I 13. Í endíngunni
-ligr hef jeg ætíð ritað i (smbr. G. VI 12, V. I 52), nema á stöku stað,
þar sem hendíng heimtar e (L. II 18, smbr. II 13); ef annars kemur firir
e, er það prentvilla. Í fornafninu hverr (stofninum hver-) er eflaust eitt
rjett að rita e (ekki ö), smbr. Þ. III 11, G. II 43, III 6 osfrv.

Að því er samhljóða snertir, skal fyst um tillíkíngar talað. Í
rímum þessum er r orðið að l og s á undan l og s; á því að rita kall,
jall, valla, gjölla (smbr. L. I 26, G. II 45, V. I 50, III 29, IV 44, VI 1),
þuss, foss, besserkr (G. II 49), enda þótt hinar eldri myndir komi — ör-
sjaldan — firir (fors V. I 2, ef hjer á ekki að lesa Boss: foss, og ef
fors er ekki hvorugkenda orðið, sem valla mun þó vera). — Þar næst eru
úrfellíngar stafa, og þá þriðja stafs einkum á undan tveimur samhljóðum
(fyst — ekki fyrst — G. I 67; syskin osfrv.) og þá líka t (í z = ts): veisla,
líst (: vist L. II 27; meiðslin L. I 20 ætti því að vera meislin og byggða
L. I 5 bygða) osfrv.[1] — Stytting eða úrfellíng samhljóðs á sjer stað í
enda orðs (rr gert að r, ss að s) á eftir löngum samhljóð (Týr: snýr
L. I 12, smbr. snýr: dýr L. I 29, Týr: dýr L. III 30, Þór: stór L. IV 9,
stór: fór Þ. I 11 osfrv.); undantekníng er fúss: húss G. III 10, ef hjer á

1) h er slept á undan r (Rómund G. II 56) og l (lær G. V 13), en slíkt er leyfi.



ekki að lesa fús: hús (eignarfall); í líkum tilfellum (t. d. nn: n) er hdr. fylgt (þjón L. I 7, svein L. III 19; dæl Þ. I 20 heimtar hendíng). Eins er ritað eitt r í orðum sem næri (G. III 31, VI 51). — Á eftir stuttum raddstaf er þar á móti rjett að rita tvöfaldan samhljóð (burr: kurr Þ. III 12, styrr: kyrr G. IV 49, örr: knörr V. IV 49, enda benda bragreglur víða á það, svo að ótvírætt er); undantekníng er þó snar L. I 9, ef hjer er ekki ónákvæm hendíng. — -r er í hdr. oft fellt úr í orðum, sem enda á -íngr, -úngr, -mundr, og hef jeg haldið rithætti hdr. á hverjum stað í þessum orðum. — Tvöfalt m hef jeg ritað í framm (smbr. Þ. I 20); undantekn. er fram G. I 9; sama ætti líklega að gera við um; þó hef eg aðeins einu sinni ritað umm, þar sem bragur heimtar (G. I 40); þó er umm hjer atviksorð með áherslu (en ekki forsetníng). — Innskots-r í beygíngum (fylkir — þolfall, þáguf. —, fylkirs osfrv.) hef jeg haldið, þar sem svo er í hdr.; annars standa venjulegar myndir. — Í hdr. er ætíð ritað Rerr- í Völs., en það er rángt. — Linun samhljóða: k, t er alstaðar höfð, þótt öðruvís sje ritað í hdr., nema þar sem hendíng heimtar (að, það — L. I 17, II 38, G. III 51, IV 42, V 12, náð G. II 28, V. II 10, mjög V. I 16, — -ið greinirinn —; undantekníng — fornmyndin höfð á stöku stað: þat G. IV 19).

Að lyktum skal stuttlega talað um meðferð einstöku orðmynda og um stöku orð. Í hdr. er ritað Tyrkvir V. I 11, þar til svarar Tyrkum V. I 41 (aftur á móti stendur Tyrkja V. I 19), smbr. líkum V. I 32; snildi (ef mildi er ekki hið rjetta V. II 14) álít jeg koma af snild (smbr. nipti f. nipt osfrv.); vintur (= vetr) hef jeg haldið, þar sem það er í hdr.; bróður nefnif. V. V 19 tel jeg eigi villu, smbr. móður L. III 38; fleygir G. II 25 og mær G. V 25 á eflaust að vera fleirtala og er víst heldur ekki villa; lér (f. lé, nú ljár) er nýmyndun (G. V 18). Greinirinn er í hdr. ýmist ritað en eða hinn; jeg hef alstaðar haldið þessum myndum óbreyttum. en þar sem greininum er skeytt aftan við, er ætíð ritað -in-, þótt í hdr. sje stundum -en-. óra = vora V. IV 8 er sjaldsjen mynd í þessum rímum, enda er orðið tilgáta mín, sem styðst við, að örva fundir er ljeleg kenníng og á valla við. Í hdr. stendur jöfnum höndum eingi og einginn; þessum tvímyndum hef jeg haldið, þótt næst sje að halda, að skáldin hafi aðeins haft eingi, þvíað sú mynd kemur ein firir í hendíngum; báði L. IV 11 er svo í hdr. — Jeg hef alstaðar ritað þótt-, þætt-, sótt- sætt- (af þikkja- — aldrei þikja — og sækja), þótt þókt- og sókt- sýnist hafa verið haft, sjá G. II 60, enda er og svo stundum ritað, t. d. soktu L. I 3, og væri vel athuganda, hvort svo ætti ekki yfir höfuð að rita; þurt (f. þurft) stendur í hendíngum G. III 19. — Forsetn. »fyrir« er oftast skammstöfuð í hdr. og því erfitt

*að sjá, hvernig skáldin hafa haft það orð; þó sýnist svo, sem stysta myndin* fyr *sje höfð sem í fornu máli sem aðalleg forsetning, en* fyri *(sem hjer er ritað, eða* fyrir*) sem atviksorð, — og hefur þeirri reglu verið fylgt hjer. (Þ. II 58 á líklega að lesa:* stendur honum fyr*). Líkt er með* und *og* undir, *nema hvað ritháttúrinn er skýrari í hdr.; hjer er gerður sami munur og ritað* und, *þótt* undir *standi í hdr., þar sem orðið er forsetning. — Þess skal að síðustu getið, að ritað er í hendíngum t. d.* lans, *þótt ella sje ritað* lands *og þvíumlíkt, sömuleiðis* -ur *f.* -r, *þar sem bragarháttur krefur þess. — »Hröngviðs«-nafnið er ritað margvíslega:* hronguidr (hrau-) *G. I 31, 58,* hranguidr *G. I 32 (*hro- *í 156), 34 (sömuleiðis), 43, 46, 55,* hrungadz *G. I 54, II 12,* hrangid *G. IV 50, 54, en* hrangad- *í G. I 41, 49, 60, 62, II 8, 10, 17, og það er eflaust þessi mynd, sem skáldið hefur þekt og notað (sjá einkum G. II 8).*

*Einstöku orð, sem annars koma ekki firir í ísl., eru:* gessinn *(af* gassi*) L. II 34,* fleyðrar *(af* fleyðr, *kvennkyns io-stofn; bjálki í húsi) L. II 23;* kexar *G. I 22 (óvirðulegt orð) af* kexi, *eflaust sama sem* kakse *á norsku (stórbóndi, en haft stundum í skopi).* fexti *G. IV 43 þekki jeg ekki, ef* festi *er ekki hjer upphaflegt og hendíngar ónákvæmar. Loks má telja* ljóna (= leyna) *V. V 22, L. IV 11.*

*Á stöku stöðum eru hendíngar ónákvæmar (L. II 17, 27, 28, G. I 45, III 39, VI 48 —* herr: hér, *smbr. að framan), og á örfáum stöðum sama orð haft í 2 hendíngum (L. IV 15, V. III 25), og kann vera, að slíkt stafi ekki frá skáldunum sjálfum. —* sm *og* sp, st *og* sl *er rímað hvað við annað L. III 7, V. I 4. —* Níu *og* búinn *er* –́ ⏑ *en ekki* ⏑́ ⏑ *Þ. I 25, L. III 3. Annars er lítið við bragarhátt að athuga auk þess sem áður var sagt. Stutt samstafa f. lánga (*⏑́ × *f.* –́ ×*) finnst örsjaldan, t. d. L. II 7, 18 (les:* yðvar*), 20 (les:* hvað er eg?*), III 5, smbr. Þ. I 25; III 22; G. I 34, IV 6, V 22, 41 (les:* fal hun?*).*

---

*Að svo mæltu bið jeg afsökunar á því, að jeg hef ekki getað haft þenna formála ríkulegar úti látinn, um leið og jeg þakka deild hins íslenska Bókmentafjelags í Höfn firir að hafa keypt kver þetta, eins og það er prentað.*

*Khöfn, í tvímánuði 1896.*

**Finnur Jónsson.**

# LOKRUR.

## *AM 604 g, 4°.*

### I.

1 *Mér hefr vænust lauka lind*
*lukta sorg í Huldar*[1] *vind;*
*á meðan eg "uakta"*[2] *heitin forn,*
*heyri*[3] *en mæta menja Norn.*

2 Óðinn réð fyr Ása þjóð,
öllum veitti Stúma hljóð,
þeingill gaf sá þegnum sigr,
þeim er báru að hildi vigr.

3 Fjölnis þótti ferðin sterk,
furðu-gjörn við hreystiverk,
alla list bar Þór af þeim,
þeingil hvern er sóttu heim.

4 Allir hræddust Yggjar nið,
orku neytti hann jafnan við,
þöglir[4] flýðu þussar land,
þegar hann tók sér Mjöllni í hand.

5 Loki var nefndur þundar þræll,
þróttarlaus en ekki dæll;
hvar sem Björn[5] til byggða fór,
brá hann sér æ við brögðin stór.

6 Þór nam frétta Nálar nið:
»nú mun þurfa bragða við;
níðskan vilda eg nafna þinn
næsta hitta, kompán minn!

7 Útgörðum frá eg að auðlíng ræðr
— eingi vissi hans föðr né mæðr —,
Fjölnis þjón skal fara með mér,
flesta kantu leika þér«.

8 Loka var ekki létt um svör:
»lítt hentar mér þessi för;
hefr þú frétt, að hann er tröll,
hræðast næri flögðin öll«.

9 Yggjar svaraði arfi snar:
»ef þú kemr í nokkurt skar,
þá skal eg, bikkjan[6], bjarga þér —
bú þig skjótt og far með mér«.

10 Þór bjó heiman þeira ferð,
þurfti hvórki skjöld né sverð,
hamarinn tók og hafra tvá,
hvergi mátti slíkan fá.

11 Fyrðar sóttu lánga leið,
Loki á göngu, en Þórir reið;
Lóður kveðst að lyktum sjá
lítið hús og garða smá.

12 Þór að garði þessum snýr,
þar stóð úti fleina Týr,
kall er blíðr, en kellíng glöð —
»kostr er yðr að þiggja löð«.

---

[1]) havldar *hdr.* [2]) *svo hdr.; rángt fyrir* hermi? *Ifir* t *eru 3 smástrik og benda til þess, að skrifarinn hefur viljað leiðrjetta sig.* [3]) heyř *hdr.* [4]) þauglar *hdr.* [5]) bior *hdr.* [6]) byckian *hdr.*

13 Börn hefr átt sér bóndinn tvau,
brigða[1]-væn eru syskin þau,
þjálfa[2] nefni eg þrætu[3] þjóð,
þussa kyns er Röskva fljóð.

14 þjálfi gekk og þór í sal,
þrifligt tóku rekkar tal,
heiðarlaus drap höðnu bræðr
Hænis vinr[4], og kyndu glæðr.

15 þegar að framm bar fæðslu skauð,
fólki þór til veislu bauð;
öflgum var þá eigi leitt
Ullar mág[5] að snæða feitt.

16 Gestir átu geitar jóð,
gleyptu bæði hold og blóð.
þjálfi gjörði að ljósta legg,
lysta gjörir til mergjar segg.

17 Geymir ekki þór um það,
þakti[6] bein[6] í öðrum stað,
— Baldurs frændi breytti svá —,
breiddi síðan[7] stökurnar á.

18 þegar hið dýra Döllíngs[8] sprund
dróst í burtu af[9] stjörnu grund,
kappar stóðu í klæði[10] sín,
— komin er þessi fregn til mín.

19 Menju[11] dólgr enn mátki[12] þreif
Mjöllnir sér í öglis kleif,
vígir beinin barma kiðs;
brá því harri opt til liðs.

20 Bukkar gjörðu að bænum þeim,
báðir lifa þeir[13] aptr í heim;
illa bar sinn eptra fót
annar hafr við meiðslin ljót.

21 þór varð ei við þetta frýnn,
þúngar lét hann síga brýnn;
garprinn réð með gildan krapt
greipum[14] þrífa Mjöllnirs skapt.

22 Sjónir hvesti Sifjar verr
— svó geingr opt ef illa ferr —,
herðir gekk úr hverjum lið,
hvítna tóku hnúarnir við.

23 Klókur talaði kall við þór
— kneyfiliga[15] með orðum fór —:
»svó vil eg heill að eg sættir býð
sjálfum þér fyr heimalýð«.

24 Sauðúngs ansar sifjar-blóð,
— síðan týndi öllum móð —
»þjálfi vil eg að þjóni oss
þrýstiligr og seima Hnoss«.

25 Kall var eigi í svörunum seinn,
segir að þór skuli ráða einn;
röskur fylgdi bauga Baldr
Bölverks syni[16] um allan aldr.

26 Eyddist þann veg ýta spjall,
Ása vörðr er sáttr og kall.
þjálfi bjóst og þrifligt sprund
þessu næst með Yggjar kund.

27 Rymr fór burt[17] með rekka sín
— rausa eg þann veg Yggjar vín —
eptir lagði kjappa[18] kyn
Kjalars niðr hjá brodda hlyn.

28 Ýtar geingu alt til nætr,
ekki feingu höldar sætr;
dagrinn leið en Döllíngs[19] mær
dóttur[20] Ónars[20] myrkrið fær.

[1]) brígdu *hdr.* [2]) þialfe *hdr.* [3]) þærtu *hdr. með leiðrjettingarmerkjum ifir* ær. [4]) uin *hdr.* [5]) maug *hdr.* [6]) þagt i beine *hdr.* [7]) sid' *hdr.* [8]) dogllíngs *hdr.* [9]) a̋ *hdr.* [10]) karde *hdr.* [11]) Menia *hdr.* [12]) makte *hdr.* [13]) þeir *v. hdr.* [14]) i greípum *hdr.* [15]) kneypi- *hdr.* [16]) sonr *hdr.* [17]) burt *v. hdr.* [18]) kiappta *hdr.* [19]) dőrlings *hdr.* [20]) dotter Ottars *(iðrit) hdr.*



29 Skatnar fundu í skógi sal,
skreyttur víða nöðru dal;
hagligt líst þeim hurða dýr;
Hlóru[1] fóstri í skálann snýr.

30 Ræfr er sterkt á ranni því,
rekkar geingu skálann í,
býsna-hár og breiðar dyrr —
bragnar litu ei slíkan fyrr.

31 Nýtar tóku þar náð og svefn
nöðru lands og hrínga Gefn.
*Hér skal dverga dauða-lausn*
*detta niðr og orða þausn.*

II.

1 *Enn skal leysa lægis hún*[2]
*Litar í öðru sinni;*
*mér er ei*[3] *hægt um trygðar tún*
*að telja Ása minni.*

2 þar vil eg reisa Fundíngs far,
fleygir Draupnis sveita
Skeljúngs þeim[4] í skála var
með skatna sína teita.

3 þegar að fyrðar festa blund,
framir í visku höllu,[5]
sá kom vindr á víða grund
að[6] veifði í[7] ranni öllu[8].

4 Meiðar[9] vakna á miðri nátt[10]
mens og stóðu í klæði,
skálinn allr og skógrinn þrátt[11]
skalf sem léki[12] á þræði.

5 Fyrða lið var fári meitt,
fyllt af sútar iðju,
höldar[13] borgar[13]-hreysi eitt
hitta í ranni miðju.

6 Loki var hvergi af hræðslu kyrr,
hann hljóp þar inn með þjálfa;
Eindriði settist sjálfr í dyrr,
sveit tók öll að skjálfa.

7 Dreingir svófu um dökkva nátt,
dagr tók mjög að sigra;
fólkið[14] bjóst til ferðar brátt[15]
og fýsir[16] harðra vigra.

8 Skessu dólgr[17] frá skála veik
skamt með sína granna,
leit hann þá hvar að lá við eik
lofðúngr[18] hamra ranna.

9 Firna-ljótr og að fæstu vel
er flassi þessi skaptur,
býsna-digr og blár sem hel,
berr það einginn aptur.

10 Bjargi líkt var Bauga nef
bjúgt sem hornið hrúta,
furðu-lángt[19] bar fúlan þef
úr[20] fylki[20] hellis-skúta.

11 Augu hans[21] sem hallar tveir,
höku bar mjóva og lánga,
munninn sögðu mestan þeir,
mjög tók út á vánga.

12 Allir negl sem arnar klær
á Irpu fáka svelti,
sköguðu úr höfði tennur tvær
trölls sem í villigelti.

[1]) hlodu *hdr.* [2]) hlun *hdr.* [3]) eigi *hdr.* [4]) seím *hdr.* [5]) hollum *hdr.* [6]) og *hdr.* [7]) í *falli burt?* [8]) ollum *hdr.* [9]) Meider *hdr.* [10]) nott *hdr.* [11]) þaut *hdr.* [12]) leike *hdr.* [13]) híerser burgar *hdr.* [14]) fokit *hdr.* [15]) huatt *hdr.* [16]) *les* fleygir? [17]) uinr *hdr.* [18]) lofungr *hdr.* [19]) langann *hdr.* [20]) er fyke i *hdr.* [21]) hans eru *hdr.*

13 Allr var hann um beinin berr
og blár sem hrauns-á renni,
höldum leist hann hræðilegr[1]
heldr en segja nenni.

14 Digran hafði Stúmir staf,
stöng fekk valla hæri,
Hveðrúngs arfinn hraut og svaf,
hristist jörðin næri.

15 Veðrið[2] stóð svó eikum í
Áms af góma-ranni,
skynjar Þór að skáli af því
skalf og Yggjar svanni.

16 Tír bar Þór af tröllum opt,
tók hann Mjöllnir höndu[3],
hann greip sinn hamar með grimd á lopt,
Glám[4] vill svipta öndu.

17 Flagðið á við flærðir skylt,
Flekkur[5] tapaði blundi,
Vígnis fóstra[6] verður bilt
að vega að bjarga lundi.

18 Upp réð setjast leiðilegr,
lagliga kvaddi hann dreingi:
»eflist heiðr og yðar vegr[7]
Ásgarðs manna leingi«.

19 Þundar arfi þagði ei[8] viðr,
Þór nam slíks að frétta:
»höldum skýr þú, Hafla niðr!
heiti þitt af létta«.

20 »Skrímnir kalla skatnar mig,
skildu hvað eg inni;
hvert til landa lystir þig
að leita, Ása sinni[9]!«.

21 »Þess skal eg sækja fylkirs fund,
er fyrr vann sigr til dáða,
fyr Útgörðum með ítra lund
auðlíng átti[10] að ráða«.

22 »Hölda get eg að hindri þrótt
að heyja leik við tiggja —
meiðar gjörðu málms[11] í nótt
í mínum hanska að liggja.

23 Þar sem fyrðar fundu í njól
fleyðrar hjört af skála,
þar hefr gjört með greiparskjól
gildan þumlúng Hála.

24 Skortir eigi að skjöldúng prís,
skýrum[12] fæði varga,
grettis ból og greipar ís,
gumna stóra og marga.

25 Ekki berr þú afl við þeim,
eyðir dýnu linna,
betra er þér að halda heim
heldr en kóng að finna.

26 Boga mun verða skelfi[13] skamt
skötnum þeim til klækja;
þó skulum "beigla" báðir samt
buðlúng heim að sækja«.

27 Þessu játa[14] Þór nú líst,
það er í Göndlar[15] minni,
alla bindur ýta vist
Aurnir slétt að sinni.

28 Skrímnir sagði skötnum leið,
skóg var mest að gánga;
flestir hræddust hamra meið
hreytendr[16] öglíngs landa.

29 Íði gekk svó aldri seint
örva þíngs fyr reiði,
— eigi horfði Aurnir beint —
undan bar hann á skeiði.

1) *Rángt?* 2) Wedur *hdr.* 3) hondum *hdr.* 4) glom *hdr.* 5) *les* Fleggur? 6) fostri *hdr.* 7) uegr ok ydar heidr *hdr.* 8) *v. hdr.* 9) míne *hdr.* 10) ætte *hdr.* 11) mals *hdr. (J.Þork.)* 12) skyra *hdr.* 13) *les* skelfir? 14) iatte *hdr.* 15) gonlar *hdr.* 16) heitande *hdr.*



30 Þegar að hvarf af hjálmi[1] dvergs
hlýrnis[2] glóð af fjöllum,
þá tók ræsir ranna bergs
rekkum náttstað öllum.

31 Skrímnir[3] tekr[4] svó skjótt til orðs,
— skauð vill náðir þiggja —
»nú mega gumnar gá til[5] borðs,
geing eg meðan að liggja«.

32 Þeira vist nam þrífa geyst
Þundar arfi enn sterki,
öngvan hnút gat Atli leyst,
Ás var linr í verki.

33 Ekki fekk um aptan mál
Ása vörðr að snæða.
Skrímnis bönd eru skörp sem stál,
skaust honum af því fæða.

34 Þá varð Eindriði ógnar-styggr,
öldin misti kæti,
gessinn hraut svó gljúfra Yggr,
að gall í hverju stræti.

35 Mjöllnir setti Þór í því
þúngan ljótum Bauga,
höggið kom það hausinn í,
hamarinn sökk að auga.

36 Vaknar Þrymr við þenna leik,
þjóðar spurði hann stefni:
»hvórt mun brum eða barið af eik
bregða vórum svefni?.

37 Lauf það gjörði lítinn dett
létt[6] á heila þýfi.
Hvórt er Fjölnis fólkið mett?«
flagða spurði hann skýfi.

38 Sauðúngs arfinn sannar það:
»sveit hefr snætt með prýði —
Aurnir, sofðu í annan[7] stað
en eg með mína lýði«.

39 Fljótt rann svefn á Syrpu ver,
sveit tók öll að skjálfa,
hamri laust á heila ker
hraun[8]-þveings eisu Bjálfa.

40 Herða nam þá höggið sitt
Herjans burr við vánga,
hamarinn sökk á hlýrað mitt,
haus varð sundr að gánga.

41 Vaknar Ámr í annað sinn,
ygldr og strauk um skalla —
»mundi af eikum mér á kinn
mylsnan nokkur falla?«.

42 Þá var komið að dýrum dag,
dökk hvarf nótt af fjöllum;
Þjassa gefr hann þriðja slag,
það var mest af öllum.

43 Hlóriði sparði ekki af
Iðja geigr að vinna,
hamarinn sökk og hendr á kaf
og huldi skaptið stinna.

44 Hrauðnir spurði og hreyfði sig,
hvað þá væri í leikum —
»hvórt munu fuglar fella á mig
fagra laufið af eikum?«.

45 Skýran[9] sér[9] hann skýja eld
skína fljótt á gerðar —
»þér munuð gista að grams í kveld,
gjörist[10] oss mál til ferðar.

46 Þér skuluð láta lágt um yðr
Loka[11] í vænni höllu,
ella fá þér sneypu og snyðr,
snyrtimenn, með öllu.

1) híelen *(ío?) hdr.* 2) hyrnnís *hdr. (J.Þork.)* 3) Skrymner *hdr.* 4) talar *hdr.* 5) *v. í hdr.* 6) líezt *hdr.* 7) annat *hdr.* 8) hrvm *hdr.* 9) skyrum segir *hdr.* 10) gerízt *hdr.* 11) ok loka *hdr.*

47 Nú mun eg hverfa norðr[1] á leið,
nóg berr yðr til sorgar;
skilst eg hér við skjalda meið,
skamt er nú til borgar«.

48 Skrímnir hvarf á skóg í braut;
skamt var þess að bíða,
mætir[2] sáu, er mörkina þraut,
mikla borg og fríða.

49 *Glósað var fyr gullaðs[3] Hlín*
*Gauts hið þriðja[4] minni;*
*hér mun falla Fjölnis vín,*
*það fæst eigi leingr að sinni.*

## III.[5]

1 *Semja mun eg nú sverði[6] máls[6]*
*Suðra[7] knörr[7] enn þriðja;*
*mig réð garða grundar áls*
*Gerður[8] slíks að biðja.*

2 *Nú hef eg gjörva Grímnis skeið*
*góms í lágu nausti.*
Fyrrum sótti fast á leið
fylkis sonrinn hrausti.

3 Bölverks arfinn búinn slægð
borg fann halla dýra,
þar mun Loki með list og frægð
löndum eiga að stýra.

4 Sáu þeir garða og grindhlið stór
greypt með lásum sterkum;
þá var leiðin lukt fyr Þór,
lokið er snildar-verkum.

5 Svó var búið um borgar-hlið,
bilt varð at að gánga;
úti hneptist Atla lið,
ekki bar til fánga.

6 Grindin hver var greypt við stál,
gefast mun þeim til klækja;
Birni þótti meir en mál
mildíng heim að sækja.

7 Svó var grindin geysistinn,
gjörir þeim ekki að knýja,
smugu þeir milli spalanna inn,
spekt tók þeira að flýja.

8 Þeir sá standa stóra[9] höll
styrkta grundar beinum,
sú var skipuð af skötnum öll
og skreytt með dýrum steinum.

9 Þegnar stigu í þenna sal,
Þór gekk fystr af öllum;
fylkis sá hann þar fyrða val,
fólk var mart á pöllum.

10 Buðlúng[10] sá hann í bríma þeim
bustar sitja ríkan;
þess fór Atli hvergi um heim,
að hilmi fyndi[11] slíkan.

11 Kappinn gekk fyr kónginn hvatt
og kvaddi síðan tiggja;
buðlúng tók þá brögnum glatt
og býðr þeim sæti að þiggja.

12 »Hvaðan kom lýðr um land til mín?«
Loki nam slíks að frétta.
Ásar skýrðu óðul sín
örva Þund af létta.

13 Kóngur spurði kempur enn,
kænn við geirinn snarpa,
hvórt þeir væri menta-menn
mestir allra garpa.

---

1) n̊ur *hdr.* 2) þar næst *hdr.* 3) geira *hdr.* 4) *þessi villa sýnist stafa frá skáldinu sjálfu.* 5) hier er iij lokra rima *hdr.* 6) suerda bals *hdr.* 7) sudit hnaur *hdr.* 8) giora nu *hdr.* 9) storra *hdr.* 10) Budlund *hdr.* 11) prydi *hdr.*



14 Auðlíng[1] frá eg svó orðum veik,
Ásar urðu hljóðir,
»hafi þér nokkurn listar-leik
lángt yfir aðrar[2] þjóðir?«.

15 Svaraði Lóður, en sveit var kát,
sá má fæstu leyna —
»þreyta mun eg við þegna át,
ef það vill nokkur reyna«.

16 »Þó ertu, skauð, á skemtan beinn«
skjöldúng tók að ræða,
»Logi mun heita lítill sveinn,
læt hann við þig snæða«.

17 Sauðúngs fóstri svángr og mjór
sagðist vera til reiða;
gilt kom slátr af gömlum þjór
grams í höll svó breiða.

18 Þar kom Logi á þetta mót,
þrautar-vinnu átti;
glópar reyndu góma-spjót,
gleypti hvór sem mátti.

19 Fíkinn gjörðist fylkirs svein,
flest varð upp að gánga,
gleypti hann knífa og gjörvöll bein
og girntist þó til fánga.

20 Þegar að snápa snæðíng þraut,
stórt bar þeim til víta,
Lóður varð að leita í braut[3],
Logi sveinn vill hann bíta.

21 Lægra taldi Laufa heggr
Lopt úr þeira starfi —
»vera[4] mun annar æðri seggr
en Fárbauta arfi«.

22 Prettinn lysti plátu meið
að prófa mentir gesta.
Þjálfi sagðist skjótr á skeið
og skræmast lángt yfir flesta.

23 »Huga svein verða hlaupin tíð«,
hjörva talar svó reiðir,
»reyna megi þið rás um hríð,
rekkr, ef þig til beiðir«.

24 Þjálfi kveðst á þessari stund
þetta búinn að þreyta,
máttu báðir á mildri[5] grund
"merki fleygir sveita"[6].

25 Viku þeir út af vænni öll
vísis maðr og Þjálfi,
herra Þór og hirðin snjöll
hlóðst að skjalda álfi.

26 Rykkiliga varð rásin herð,
renna tóku báðir,
Sauðúngs maðr var seinni á ferð,
síga gestnum dáðir[7].

27 Hálfan þóttist hreytir spjóts
hlaupa skeiðvöll þenna,
þar kom Hugi honum til móts
og hefr þar aptr að renna[8].

28 Því frá eg ansa öflgan[9] Þór,
— ýtar mega það fregna —
hornin kveðst hann halla stór
hneyfa[10] lángt yfir þegna.

29 »Dagliga hef eg drykkju[11] þreytt«,
dræsir hleypir skíða,
»og svó þjóð af magni meitt
mest um heiminn víða«.

30 Þegar að hoskur hrínga Týr
hrósa gjörði listum,
þá bar höldr í hurðar[12] dýr
horn á lófa kvistum.

---

1) Odlung *hdr.* 2) adra *hdr.* 3) burtt |*hdr.* 4) verra *hdr.* 5) milldra *hdr.* 6) *þetta vísuorð er afbakað; les* að merki fóta neyta? 7) *hjer vantar víst í frásögnina.* 8) *sömuleiðis.* 9) oflann *hdr.* 10) hneypa *hdr.* 11) dryckv *hdr.* 12) hallar *hdr.*

31 þeingill talar á þenna hátt,
þaktur pelli hreinu:
»það hafa lýðir leikið þrátt
að létta horni í einu«.

32 þegar að[1] berr sér Bölverks niðr
bjór að varra[2] skála,
kóngrinn sér hann keppist viðr
keyrir bjartra stála.

33 Lystir hann að leita í frá
og leit í hornið síðan,
þóttist ekki þverra sjá
þeingils[3] drykkinn fríðan.

34 Nú vill frægur fylkis mögr
freista enn að þyrri,
seinliga varð sólginn lögr
sýnu meir en fyrri.

35 þar kom enn að[4] erindið þraut
öflgum bauga þorni;
lítið sýndist Laufa Gaut
lægja drykk í horni.

36 Djarfliga reyndi drykki þrjá
darra[5] börr enn sterki,
nú mega seggir síðan sjá
sannliga á því merki.

37 Slúnginn talaði sleitu Ás
"slöngvir bjarga lauðri"[6]
»kött minn skaltu, kundur Hás[7],
kremma upp af hauðri«.

38 það var bragð með göldrum gjört
greitt[8] við Sauðúngs bróður;
bikkja[9] leið í bekkjar hjört
buðlúngs, fressa móður.

39 Köttinn þreif sá er knepti flögð,
kostr er styrkra handa;
þó var kyrt fyr kýngibrögð
kóngsins dýr að standa.

40 Eindriði[10] sparði ekki hót,
yfrið gjarn til sóma;
þá lét köttrinn fremri fót
firrast brúði Óma.

41 Loki biðr hann ei[11] leita viðr
og leiðast aptr í sæti —
»valla gat nú Viðris niðr
valdið kattar fæti«.

42 þeingill talar af þúngum móð,
— þá var glatt í höllu —
»læging þikkir landsins þjóð
að lemja þig með öllu.

43 Verðr þú eigi af verkum stór
hjá vórum görpum ríkum;
mínkast hefr enn mikli þór;
mest er logið af slíkum«.

44 Reiðugligr var Rymr að sjá
og reygðist upp í sæti.
*Hér hef eg Grímnis góma-lá*
*greitt[12] úr hyggju stræti.*

## IV.

1 *Enn skal gleðja[13] greppur[14] ey*
*Geitis foldar bála,*
*nú hef eg Gress hið fjórða fley*
*fundið runnum stála.*

2 Tveggja arfi treysti á sig,
talar hann þá til ljóða[15]:
»hverr er fús til fángs við mig
fæðir Gjálpar[16] stóða[16]?«.

---

1) *v. hdr.* 2) uara *hdr.* 3) vid þ. *hdr.* 4) *v. hdr.* 5) dofra *hdr.* 6) *vísuorðið er afbakað.* 7) hars *hdr.* 8) *v. hdr.* 9) byckía *hdr.* 10) *þetta er. er í hdr. á undan 39.* 11) *v. hdr.* 12) gleítt *hdr.* 13) gleid[a] *hdr.* 14) grimnís *hdr.* 15) flíoda *hdr.* 16) gíalfra stod *hdr.*



3 »Móður hef eg« kvað mýgir »átt«
mundar hvítra svella
»nú er hun meidd í meinum[1] þrátt;
man eg hun kunni að fella«.

4 þegar að fréttu[2] fylkirs grein
frægar kóngsins þjóðir,
þá kom grimm í gáttar[3] hrein
Gauta[4] klúngurs móðir.

5 Köppum sýndist kellíng stór,
komin þó sýnt[5] í elli,
rýgur tók og réð á þór,
Rymr varð laus á velli.

6 Bólgin var hun og blánuð öll,
bognuð sýnt í lendum,
gómaspjót á grýtiþöll
glíkust broddi strendum.

7 Ekki hafði hann orku við,
allr er þór á reiki,
hrökti[6] gríður[6] hilmis nið,
hörð var næsta í leiki.

8 Stíga grund var stirð sem tré,
stóð fyr hverju bragði;
Sönnúng varð að síga kné,
svó er greint af flagði.

9 Atli fekk við undrin stór
æsta reiði og stránga,
kellíng hvarf, en kappinn þór
kveðst í Ásgarð lánga.

10 »þig[7] skal[7] leiða lángt frá borg«
Loki tók svó til orða,
»fella þá enu föstu sorg,
er fekk þér galdra skorða.

11 þeingill, segi eg þér fyr mig,
— það þarf ekki að ljóna —
eg hef brögðum beittan[8] þig
og báði þína þjóna.

12 þá er þú greipt[9] með grimdum æstr
"geira" nestið þúnga,
gréss var stinnu stáli læst[10]
en sterka[11] Skrímnis "lúnga".

13 þá er þú högg með hamri laust
og hugðir oss að bella,
bjarg varð fyrir og búið með traust;
bani minn var það ella.

14 því skal lýsa, að Loptur fyrr
lék í kóngsins ranni,
geysileingi bar glóandi hyrr[12]
gráð af yðrum manni.[13]

15 þér kom horn af hófi fylt
halla[14] stórt að munni;
það hafa stríðir straumar fylt,
stikill[15] var léttr í unni.

16 þá er þú bjór í barka höll,
búinn lést þér að renna,
það munu síðan sjófar föll
sverða brjótar kenna.

17 þar sem köttrinn,[16] kesju[16] brjótr,
kom fyr hessi[17] snjallan,
það var Miðgarðs linni ljótr,
er liggr um heiminn allan.

18 þussa kvón var þeygi[18] fögr,
þá er hun beit og reytti,
það var elli, Yggjar[19] mögr,
er orku við þig þreytti.

19 Nú hef eg sagðar þrautir þér,
þeim er ekki að halla;
það er nú skýrt, að skiljumst vér
— skrattinn taki yðr alla«.

---

1) meiū *hdr.* 2) frettí *hdr.* 3) kattar *hdr.* 4) galdra *hdr.* 5) styntt *hdr.* 6) hrocktíz gridr um *hdr.* 7) þu skalt *hdr.* 8) bættan *hdr.* 9) greípzt *hdr.* 10) læstr *hdr.* 11) sterke *hdr.* 12) ·byr *hdr.* 13) *hjer vantar víst í.* 14) harllda *hdr.* 15) stiller *hdr.* 16) kottín, keisív *hdr.* 17) havssi *hdr.* 18) þeyiv *hdr.* 19) yggar *hdr.*

20 Lóður hygst það lymsku tröll
ljósta fast með reiði,
þá var gramr og hin háfa höll
horfin skjalda meiði.

21 *Ginnúngs flutteg góma haf*
*glæsimeiðum vella.*
***Lokrur** skulu vær leggja af,*
*leiðast munu þær ella.*

---

# ÞRYMLUR.

*AM 604 g, 4°.*

## I.

1 . . . . og enn frægi Ullr,
er feingu bráðir hrafni;
Loki er sagður lymsku-fullr
en Loptur öðru nafni.

2 Fenrisúlfrinn[1] frændi hans,
frægr er hann af Gleipni;
margur hefr það mælt til sanns,
að móðir sé hann að Sleipni.

3 Eigi kom það Óðni vel,
að[2] efldu stóra[3] pretta;
dóttir Loka mun heitin[4] Hel;
harka[5]-börn eru þetta.

4 Loki er sagður lángr og mjor,
og lék þó flest með slægðum;
Óðins son var Ásaþór
efldur stórum frægðum.

5 Harðan rýðr hann hjalta-kólf
Herjans burr með listum,
hann var átta álna og tólf
upp á höfuð af ristum.

6 Eitra dverg er Atli lét[6],
ágætt færið smíða,
Mjöllnir frá eg að hamarinn hét,
hann bar kappinn víða.

7 Þegar hann gekk með heipt í höll
Herjans burr enn júngi,
meiddist bæði menn og tröll,
er Mjöllnir reið að þúngi[7].

8 Gjarðir á hann, sem greint var mér
gripirnir finnast fleiri,
þegar hann spennir þeim að sér,
þá er hann tröllum meiri.

9 Undra-digr er örva þundr,
ekki blíðr í máli,
glófa átti Grímnis kundr,
gjörðir vóru af stáli.

10 Glófar vinna görpum mein,
greyptir hauka foldu,
hrífr hann með þeim harðan stein,
sem hendur væri í moldu.

11 Heimboð veitti halrinn stór
hölda sveit með sigri,
sá hét Þrymr, er þángað fór,
þussa gramrinn digri.

12 Brögðin taka að birtast stór,
er bragnar vóru í svefni,
hamarinn Mjöllnir hvarf frá Þór;
hér eru brögð í efni.

---

1) ulfen *hdr.* 2) ok *hdr.* 3) storra *hdr.* 4) heít *hdr.* 5) *valla* haska *hdr.* 6) het. let(!) *hdr.* 7) *hjer hefur hdr. vísu, sem alls ekki á við:* Kappinn frá eg að Heimdæll hét | hann var borinn með nauðum | heyrði hann alt það hærra lét | en hárið spratt á sauðum.

13 Hvergi fengu hamri náð,
hvar sem ýtar fóru;
eingi hittir jötna láð,
allir þrotnir vóru.

14 Upp í fagran Freyju garð
fyst nam Þór að gánga,
segir hann hvað að sorgum varð
og sína mæði stránga.

15 »Freyja, ljá mér fjaðrham þinn
— fljúga vilda eg láta,
henta aptur hamarinn minn« —
hun tók sárt að gráta.

16 »Fjaðrham taktu furðu-brátt
— fljóðið talar hið teita —
ef þú hamarinn hitta mátt;
hverr skal eptir leita?«.

17 »Loki er jafnan leitum vanr,
leikr hann þrátt um beima,
hann skal fara sem fuglinn svanr
og fljúga í undirheima«.

18 Gumnum þótti granda fæst
garpnum bragða-drjúga;
fjaðrham hafði Loptur læst,
Loki tók hátt að fljúga.

19 Flýgr hann út yfir Ásagarð
einn veg láð[1] sem geima;
kalli ilt í kryppu varð,
hann kemr í jötna heima.

20 Fjölnis þjón kom furðu-dæl
framm að landa baugi;
úti stóð fyr Óðins þræl
jötuninn[2] Þrymr á haugi.

21 Ljótur talar í lyndi veill —
leiðaði orðum sléttum —
»Lóður kom þú híngað heill,
hvað hefr kall í fréttum?«.

22 Segir hann alt sem fréttin fór,
fyst tók Loki að inna:
»hamarinn Mjöllnir hvarf frá Þór
og hvergi megum hann finna«.

23 »Drjúg-mjög eruð[3] þar duldir til sanns,
— Dofri talar af galdri —
eg hef fólgið hamarinn hans,
hann mun finnast aldri.

24 Nema þér Freyju færið mér,
að fegri[4] er hverju vífi;
þá mun hamarinn hittast hér —
og hjálp svó þínu lífi.

25 Þar mun rammlig ráðagjörð
Rögnis vera í höllu;
níu feta[5] niðr í jörð
nú er hann geymdr með öllu.

26 Æðir heim sá ilsku tér[6]
allur reiði bólginn.
»Hefr þú nokkuð hamarinn hér?
hvar er hann Mjöllnir fólginn?«.

27 »Hamarinn færi eg hvergi þér
— heyri dróttir prúðar —
nema þú Freyju færir mér
og fáir mér hana til brúðar«.

28 Reiðan gjörði Rögnis kund
rétt í þenna tíma.
Þór gekk upp á Freyju fund. —
*Falli þann veg ríma.*

## II.

1 *Höldum færi eg Herjans snekkju, hróðrar barða.*
Fyst kom upp í Freyju garða
Fjölnis burr með reiði harða.

[1]) logu *hdr.* [2]) iotuns *hdr.* [3]) eru *hdr.* [4]) fegra *hdr.* [5]) fet *hdr.* *(les fóta?, rasta?).* [6]) bier *hdr.*



2 Þá nam kallsa[1] þessi orð við þellu veiga:
»viltu nokkuð jötuninn eiga?
ýtum gjörir hann kosti seiga«.

3 Hann greinir mál, en gullaðs skorðu gjörir svó hljóða:
»þigg nú málm og menið hið góða«.
Mælti síðan sprundið rjóða:

4 »Fyrr skal eg mér fleygja út í[2] fagran geima,
heldr en fara í jötna heima;
öngvan gjörir eg kost á þeima«.

5 Þór nam gánga þrútinn á burt frá þorna Gefni,
Atla[3] trú eg að einum hefni,
ángur stendr honum fyrir svefni.

6 Má nú ekki mildíngs sonrinn Mjöllni spenna,
eldar þóttu úr augum brenna,
ygldist Rymr við leikinn þenna.

7 Óðinn lætur efna þíng á Ásavöllum,
rekkar drifu úr Rögnis höllum,
ræðan tókst með goðunum öllum.

8 Heimdæll gaf til hoskligt ráð enn heyrnar-prúði:
»Þór skal nefna þussa brúði —
þeim skal veitast kvenna-skrúði[4]«.

9 »Búníng allan beri[5] þér upp á beyti[6] sára,
þann veg skulum vær þussa dára,
Þór er líki kvenna fára«.

10 Ýtar bjuggu[7] Ásaþór sem eg vil greina,
settu á bríngu breiða steina,
blóðrautt gull og pellið hreina.

11 Ýtar bjuggu Ásaþór með ófnis skíði;
þessi kallinn kampasíði
kemr í stað fyr hrínga-fríði.

12 Heimdæll bjóst og Hænir meður[8] hoskr í ræðum,
Loki var klæddur kvinnuklæðum,
klókur þótti hann næsta í ræðum.

13 Óðinn átti frábært far, er flutti beima,
rann það einn veg rúst og geima,
með reiða gekk það um löguna heima.

[1]) kallze *hdr.* [2]) *v. hdr.* [3]) attle *hdr.* [4]) *í hdr. er röðin hjer eftir þessi: 10. 12. 13. 11. 9 osfrv., en hún er raung.* [5]) ber *hdr.* [6]) beití *hdr.* [7]) byggíu *hdr.* [8]) med *hdr.*

14 Goðunum fylgja geysimargar[1] geitr og kálfar,
telst þá ekki tröll og álfar,
töframenn og völvur sjálfar.

15 Fuglar margir fylgja þeima[2] fleina rjóðum[2],
villidýr af veiðislóðum,
varga sveit með úlfum óðum[3].

16 þegnar koma í þussagarð, er þundar[4] heitir
úti stóðu jötna sveitir,
allir vóru furðu-teitir.

17 »því kom ekki Ásaþór með yðr til veislu?
honum mun verða gjöf til greislu;
gjört var slíkt að vórri beislu«.

18 Seggrinn talaði sæmdar-gjarn við sína rekka:
»hamarinn veldur hann fær ekka,
heima trú eg hann vili drekka«.

19 þegnum heilsar þussa gramur þrymr í kífi,
Grímni þótti gaman að lífi,
glotti þegar og hyggr að vífi.

20 Flagðavinrinn fífla vill til fljóðs í vagni,
eigi skyldi hann yglast magni,
Æsum kom nú brögð að gagni.

21 Kappinn vildi kyssa fljóð enn kynja-skjóti,
rétti hendr enn rammi sóti,
reygðist næsta brúðr í móti.

22 Brúsi sagði brögðin ljót á bauga-þreyju[5]:
»því eru öndótt augu Freyju?
ekki líst oss bragð á meyju«.

23 þetta undrast þegna sveit, hvað þrymr réð spjalla,
þá sló þögn á þussa alla. —
*þar mun bragrinn verða falla.*

## III.

1 *þar skal brátt en þriðja mærð*
*þegna sveit af afli færð.*
Loptur greiddi lýðum svör —
löngum þótti hann slyngr við för.

2 »Ekki svaf hun[6] um átján dægr
— Óðins talaði þrælinn slægr —
svó var hun híngað Freyja fús —
fari nú menn og tjaldið hús«.

[1]) marg̓ *hdr.* [2]) þeim af . . . rogum *hdr.* [3]) nogum *hdr.* [4]) *rángt?* [5]) *svo hdr.*
[6]) ħ *hdr.*



3 Síðan settist brúðr á bekk,
Baugi alt til veislu fekk;
bar hun af flestum brúðum stærð
býsna-digr og allvel hærð.

4 Loptur svaf hjá lauka rein,
leist hun[1] vera sem þernan ein;
tröllin frá eg að tókır upp borð,
talaði brúðrin ekki orð.

5 Allir skipuðust jötnar tólf
öðru megin við hallar gólf,
hlaupa upp með heimsku á bekk,
hefr sá verr að fyr þeim gekk.

6 þar var Surtur, Haki og Hrymr,
höfðinginn var jötna þrymr,
Sörkvir, Móði, Geitir og Glámr,
Grímnir, Brúsi, Dofri og Ámr.

7 Eigi var þeira flokkrinn fríðr;
Fála kom þar inn og Gríðr,
Hlökk og Syrpa, Gjálp og Greip,
geysiligt var þeira sveip.

8 Kómu á borðið bryttrog stór,
brúðir sátu upp hjá þór;
jaxlar veittu jötnum lið,
einginn hafði hnífinn við.

9 Börðust þeir með býsnum svá,
blóðið dreif um alla þá,
knútum var þar kastað opt,
kómu stundum hnefar á lopt.

10 Uxa frá eg að æti brúðr,
ekki var þeira leikrinn prúðr,
lagði hun að sér laxa tólf
og lét þó aldri bein á gólf.

11 Undra tók[2] nú jötna sveit,
át og drykk að brúðar leit,
»fljóð er orðið furðu-gert« —
flagðið talaði þanninn hvert.

12 Loptur heyrði ljótan kurr,
»leingi — svaraði Nálar[3] burr —
hvað kann verða hverju líkt;
hafi þér skamm er talið um slíkt.

13 Fastað hefr hun fjórtán nætr,
Freyja sjálf og halrinn mætr,
drósin hvórki drakk né át;
drjúg-mjög er hun nú orðin kát«.

14 »Fáunst vær ei í forsi nú,
furðu-ill er skemtan sú,
— Brúsi talaði bragða-forn —
beri þér inn hið mikla horn«.

15 Kom sá inn, er krásar mat,
og kennir þegar, hvar brúðrin sat,
hafði á sér höfuðin þrjú;
hræddir mundu flestir nú.

16 Furðu var það hornið hátt,
er Hafli tók við einkar brátt;
byrlara þeim, er Baugi gaf,
brúðrin drakk í einu af.

17 Krásar[4] þegar að kómu til,
kenna réð þær menja Bil;
seggir tóku að segja í senn:
»sáld af mjöðinum drakk hun enn«.

18 Kallar þrymr á kappa sín:
»komi þér framm í hellir mín;
mæli þér að móðir vár
meyju færi Gefnar tár«.

19 Kellíng þessi kemr í höll,
knýtt er hun og bömluð öll,
hafði hun vetr um hundrað þrenn;
hvergi var hun þó bognuð enn.

20 »Syrpa eg vil senda þig,
sækja skaltu hamar fyr mig
niðr í jarðar neðsta part«;
nú mun verða leikið mart.

[1]) *les* hann? [2]) taca *hdr.(?)* [3]) nala *hdr.* [4]) Krassar *hdr.*

21 Hvergi gátu hamarinn fært
hundrað manns, þó til sé hrært[1];
Keila setti upp kryppu bein,
kellíng gat þó borið hann ein.

22 Hamarinn kom í höllina stór,
hvórt mun nokkuð gleðjast Þór?
mærin þrífur Mjöllnir viðr; —
margir drápu skeggi niðr.

23 Sundr í miðju borðin brýtr,
brauð og vín um gólfið hrýtr,
jötnum vesnar heldr í hug,
hjartað þeira er komið á flug.

24 Braut hann í sundr í Beslu hrygg,
brúðrin fell þar eigi dygg,
síðan lemr hann tröllin tólf,
tennur hrjóta um hallar gólf.

25 Æsiligr var Ásaþór,
upp mun reiddur hamarinn stór,
setti hann niðr á Sauðúngs kinn,
sökk hann þegar í hausinn inn.

26 Pústrað hefr hann pilta Rymr,
mátti ei orku stilla,
lítið[19] hló, en leit hann þó
til lofðúngs manna illa[20].

48 Fleina Gaut, er frægðir hlaut[21],
[fann hann ei[22] með galdri,
[fara þeir braut, en baugalaut[23]
bað þá þrífast aldri.

49 »Klók[24] er frú[24], en kynstrug[25] hjú
hjá kelling þeygi[26] prúðri;
ambátt sú var' ekki[27] trú,
er áðan stóð hjá lúðri«.

50 Ristill svinnr í ráðum vinnr
ræsis kempur teitar;
halrinn svinnur hvergi finnr,
hversu opt sem leitar.

51 Firna-raumur[28], flatr og aumr
frá eg[29] að ekki[30] vinni[31].
*Hverfi glaumr og hornastraumr*
*Hárs í fimta sinni.*

## VI.

1 *Reika[32] tekr en ramma þrá*
*rýgjar mér í vindi,*
*því er eg orðinn öxlum[33] frá*
*úngri silkilindi.*

2 *Gekk eg framm á sútar sand*
*á sorgar-tíma örmum,*
*þar lá fley við frygðar-land*
*fult[34] af[34] alls kyns hörmum.*

3 *Stóð þar upp í stafni Pín*
*af[35] stríðu[35] hatri kvenna,*
*hun[36] bað mig koma í sess til sín*
*á sorgar bátinn þenna.*

---

1) lista *W.* 2) þurfa *W.* 3) hitu *610, W.* 4) Ei *W.* 5) heim *610.* 6) -mund *W.* 7) ecki *W.* 8) er *W.* 9) engi . . . fengr *W.* 10) við *W.* 11) kiende *610.* 12) diupv *W.* 13) hölda *610.* 14) klæðen *W.* 15) og m. *610.* 16) og þ. *610.* 17) *vís. á eftir 49 W.* 18) megne *610.* 19) liten *W.* 20) illra *610.* 21) þraut *610.* 22) foru i burt *610.* 23) baugalaut er bragda naut *610.* 24) Klokt . . bu *W.* 25) kyndug *W.* 26) þeyu *610.* 27) eigi *W.* 28) taumr *610.* 29) *v. W.* 30) litit *W.* 31) finne *610.* 32) Rekia *610.* 33) oskum *610.* 34) fruktað *W.* 35) með stygð og *W.* 36) *v. W.*



4 *Er[1] því[1] drjúgum daga sem húm*
*dapr að öðru hverju,*
*kom eg þar niðr í krapparúm*
*Kjalars[2] á hauka ferju.*

5 *Rak mig burt af rœktar hafn[3],*
*af ráði[4] sorgar vinda,*
*má eg því ekki meyjar nafn[5]*
*í mínum kvæðum binda.*

6 *Sorgum trú eg að[6] sætan kær*
*seint mun vilja létta,*
*þulda eg rímur þrjár og tvær,*
*þessi verðr en sétta.*

7 Um vetrinn[8] eptir bar fyr Blind
brigða[9]-marga drauma;
sagði hann þetta svænskri kind,
síst[10] mun gánga í tauma.

8 Þar[11] fyri misti hann gleði og glaum
gjörðist fátt til náða;
halrinn skyldi herma draum,
en Hadding kóngur ráða.

9 »Var það fyst[12] í vórum blund,
varg sá eg austan renna,
beit hann yðr svó breiða und,
bragníng[13] mátti kenna«.

10 »[Koma mun vindr úr skýjum[14] skæðr
skelfa[15] kóngsins veldi;
hrjóta á mig gneista glæðr,
geng eg næri eldi«.

11 »Dreymdi mig að ælist einn
úlfr hjá Hagli[16] kalli,
sá var ei í blíðu beinn,
beit hann menn á[17] hjalli.

12 [Jafnvel reif hann[18] yðr sem[19] mig
og alla kóngsins þegna;
heldr var[20] sýnin hræðilig,
hvað mun slíku[21] gegna?«.

13 »Hagals er sagt við[22] húsagarð[22]
híðbjörn nokkur[23] liggi,
jafnan höfu[24] vær[24] æfiskarð
ætlað honum«[25] — kvað tiggi.

14 »Þá[26] mun björninn[26] bíta yðr,
er[27] búist þér hann að veiða«.
»Þar er sú dygð að drauminn styðr,
djarfliga skal[28] eg það greiða«[29].

15 »Sunnan rendi svínið mart
seggr[30] að þinni höllu,
rananum tóku[31] að róta hart
ríki þessu öllu«.

16 »Þar mun leysa sull úr sjó,
sól[32] í heiði skína,
veröldin gleðst með vakt[33] og frjó[33],
veðr[34] og kuldar svína«.

17 »Kómu[35] úr norðri kolsvört ský
með klær og vængi bjúga
og með þenna breiða bý
burtu[36] gjörði að fljúga«.

18 »Húsin[37] [vór munu hefjast[38] öll,
hygg eg það fyr góðu;
gjörig[39] þar eina glæsta höll,
er[40] gamlar toptir stóðu«.

---

1) þvi er eg *W.* 2) Kials*(?) W.* 3) hofn *610.* 4) rienar *610.* 5) nofn *610, W.* 6) *v. 610.* 8) vetur *610.* 9) brigdu *610.* 10) að s. *W.* 11) Hier *W.* 12) *v. W.* 13) ad b. *610.* 14) þar mun vindur af skogi *W.* 15) og sk. *610.* 16) Hagale *610.* 17) af *610.* 18) At hann bæði *W.* 19) og *W.* 20) er *W.* 21) þessu *W.* 22) um herra- *610.* 23) einn ad *610.* 24) hefe eg *610.* 25) hann *610.* 26) Biornen . . þa *W.* 27) ef *W.* 28) vil *W.* 29) greina *W.* 30) sa eg *W.* 31) tok *610.* 32) og s. *610.* 33) makt og fró *610.* 34) vetur *W.* 35) *vís. á eftir 21 í W.* 36) í b. *610.* 37) *vís. á eftir 19 í W.* 38) munu þar huerfa *610.* 39) giorum *W.* 40) sem *W.*

19 »Var[1] það[2] enn í einum[3] draum,
eg[4] vil[4] greina[5] tiggja,
gildan[6] leit eg gríðar taum
[grams við ríkið[7] liggja«.

20 »þar er þú leist enn lánga orm
liggja fyri[8] á[8] sandi,
það[9] mun dreki með dýrligt form
duna að vóru landi«.

21 »Lángur[10] var sá Lóðurs kundr,
leit eg austan renna,
réð á yðr og reif í sundr;
ráð þú drauminn þenna«[11].

22 »þar mun koma frá kóngi af[12] Hleiðr[12]
kappi nokkurs máttar[13];
fyst mun verða fundrinn reiðr
og falla niðr til sáttar«.[14]

23 »Kom eg þar, herra, í húsið inn,
er haukar sátu á[15] stöllum;
fjaðralaus var fálkinn þinn
og flettur hamnum öllum«.

24 »[Margir koma[17] í mildíngs[16] höll
menn[18] af[18] landi ríku;
vópnin munu þér[19] veita upp öll,
verð[20] eg reiðr af slíku«.

25 »Dreki þinn leist[21] mér[21] færðr á flóð,
flaut[22] í báru miðri,
höfuðlaus allur herrinn stóð
í heitu vatni niðri«.

26 »Lofa eg minni ljúfri hirð
lönd að kanna fleiri,
þá mun[23] auðlíngs ásjón firð —
ekki er draumrinn meiri«.

27 »Dreymdi mig að drákons feðr
drægi[24] Hagall úr Væni;
Hrómunds linda hekk sá meðr
heiðarfiskrinn græni«.

28 "Állinn[25] kemr þar[26] upp í mót,
eigi smár frá[27] grunni;
verðr hann síðan vafinn í nót
og veiddr af menja[28] runni«.

29 »Vópnið sökk í vatnið kalt,
valla má slíkt[29] ugga;
hvórt ætlar þú Hrómund alt,
en[30] hræðslufulla dugga?«.

30 Frá eg að kæmi[31] fylkis[31a] til
fleiri draumar sterkir,
auðlíng réð þá alla í vil,
en[32] öngvan svó[33] sem merkir.

31 »Blindur muntu[34] birta[34] mér,
beint svó að[35] ekki tálmi;
harðr var sleginn um háls á þér
hríngr af brendum málmi.

32 Leiðum reittu letinnar klár
lítla stund til náða,
dælt mun vera — kvað dreingrinn
drauma slíka að[37] ráða. [flár[36] —

33 Gálgi[38] merkir gamlan hest,
get eg að mínki náðir;
líkt mun okkur fara um flest,
feigir[39] eru við báðir«.

---

[1]) *Vís. á eftir 16 í W.* [2])það var *W.* [3]) vorum *610.* [4]) vil eg *610;* eg ma *W.* [5]) seigia *W.* [6]) grimman *W.* [7]) gramr um Sviþiod *W.* [8]) a svortum *W.* [9]) hier *W.* [10]) *vís. á eftir 18 í W.* [11]) herra *610;* þennan *610 (önnur hönd).* [12]) heidr *610.* [13]) háttar *W.* [14]) satta *W.* [15]) *v. 610.* [16]) Koma þar menn í mina *W.* [17]) komu *610.* [18]) úr milldings *W.* [19]) þeir *W.* [20]) og v. *610.* [21]) var þa *W.* [22]) og fl. *610.* [23]) er hun *W.* [24]) dragi *610.* [25]) *vís. á eftir 14 í 610.* [26]) *v. W.* [27]) ad *610.* [28]) hiorfa *W.* [29]) þat *W.* [30]) *v. 610.* [31]) kvomu *W.* [31a]) fylkir *610.* [32]) *v. W.* [33]) þat *W.* [34]) frá þat birtizt *W.* [35]) *v. W.* [36]) knar *W.* [37]) *v. W.* [38]) Galga *610.* [39]) þvi f. *W.*



34 Hrómund var hjá[1] Hagli[2] græddr
heill og vel til reika.
þegar vill Ólafr járni klæddr
afla vargi steika[3].

35 Fjölda[4] manns[4] að[4] fylkir dregr
frægðarmaðr[5] í hljóði,
seggja[6] liggr í Svíþjóð vegr;
sverðin[7] trú eg þeir rjóði.

36 Óvart koma þeir eina nátt
öllum[8] Haddíngs görpum,
lúðrar margir létu hátt[9],
lagið[10] er[10] vópnum snörpum.

37 Auðlíng[11] vaknar ekki[12] fyrr
úti[13] frá eg hann liggja,
[hús er brotið[14], en höggnar dyrr
á hvíluranni tiggja.

38 Haddíng kóngur heitir á menn,
og[15] hljóp[16] í skyrtu síða, —
»hverr er sá með harki renn[17]
hygst[18] um[19] nætr að stríða?«.

39 »Hrómund Gripsson heitir sá,
hér er[20] kominn í skemmu,
kappa gjörir að köldum ná
og[21] klýfur hjálm og emmu«[22].

40 »[Furðu mun þér falla[23] vel,
þó fyrðar hnígi mínir,
áður dó[24] fyr oss í hel
átta bræður þínir«.

41 »Minstu á það mildíng fátt,
mér býr nóg í hjarta;
sú[25] skal þín en seinsta[26] nátt,
ef sverðið dugir eð bjarta«.

42 »Buðlúngs hvergi[27] brynjan[28] finst,
burt er hattur[29] þriðja,
[eg skal þó[30] meðan æfin[31] vinst
öngrar[32] sáttar[32] biðja«.

43 þegn hljóp[33] upp[33] í þessu einn,
þegar til vópna fexti[34],
sá[35] var ræsis rekkju sveinn,
risi og[36] tröll að vexti.

44 Gripsson höggur glaðr til raums,
gall í stæltum fleini;
þá tók af honum[37] enda saums
egg á[38] Mistilteini[39].

45 Haddíng verst með[40] hrotta knár,
Hrómund[41] að honum sótti,
auðlíng varð[42] þó[43] ekki sár;
undur flestum þótti.

46 Hvert það högg[44] á[44] hilmi[44] datt
og[45] Hrómund skyldi[46] greiða,
sverðið kemr[47] á sjóla flatt,
söng[48] í gramnum[49] breiða.

---

[1]) með *W.* [2]) Hagale *610.* [3]) steikar *W.* [4]) Fiolde manna *610.* [5]) for ad þessu *610.* [6]) svnnan *W.* [7]) en s. *W.* [8]) ad ö. *610.* [9]) bratt *610.* [10]) og lagder *610.* [11]) *hjer byrjar aftur 146.* [12]) eigi *W.* [13]) en ú. *W, 146.* [14]) brotid hus *146.* [15]) *v. W.* [16]) hleypr *W, 146.* [17]) enn *610, W.* [18]) og h. *610, 146.* [19]) a *W.* [20]) nu *b. v. 610.* [21]) *v. W, 146.* [22]) einu *610.* [23]) þer mun falla furdu *W, 146.* [24]) dou *W, 146.* [25]) sia *W.* [26]) sydsta *146.* [27] ecki *W,* eigi *146.* [28]) brynia *146.* [29]) hattar *610.* [30]) so skal enn *610.* [31]) lífid *W, 146.* [32]) aldri sætta *W, 146* (sa-). [33]) kom fram *W, 146.* [34]) festi *610.* [35]) þat *W, 146.* [36]) en *W, 146.* [37]) hondum *W.* [38]) med *610.* [39]) *hjer er vísa í W, 146:* Mækir fra eg ad morgum senn | mala giofena (giofinne *146*) luki | feldi (hann *b. v. W*) alla fylkis menn | fell þeim hofud af buki. [40]) firi *610.* [41]) en H. *610.* [42]) var *W, 146.* [43]) þa *610.* [44]) sinn ad höggid *610.* [45]) *v. W.* [46]) atte ad *610.* [47]) kom *146.* [48]) og s. *610.* [49]) granum *610;* iarnum *W.*

47 [Kylfu neytti kappinn[1] vel,
kastar[2] Bæsíngs[3] líka,
þar kemr[4] loks hann lemr í hel
lofðúng þann enn ríka.
48 Hrómund[5] talar[5] að[6] »Haddíngs[6] herr[6]
hefr[7] nú[7] feingið lægra;
sá hefr lofðúng[8] látist[8] hér,
leit eg[9] öngvan frægra.
49 [Sjá bar fylkir[10] fremd og þrótt
sem[11] fornum[12] kóngi[13] stæði,
hefði eg aldri sjóla sótt,
ef sínum gerðum næði«.
50 [Hverr var dauðr[14] á[15] Haddíngs[16] láð
[hinn er bjóst[17] til varnar;
þá[18] var leiðum lóki náð;
listir hans eru farnar.
51 Bölvís[19] kall er Blindur[19] hét
bundinn var[20] með snæri,
heingdr á gálga og[21] heiðrinn lét,
hann gat þessu næri.
52 Bragnar tóku enn[22] brenda[22] seim
og[23] báru á mörgum hestum;
seggir fóru úr[24] Svíþjóð heim
sigri prýddir mestum.
53 Fór[25] með[25] kóngi, fegri en dript,
foldin bjartra veiga;
Hrómundi var hríngþöll gipt,
er hun[26] vill gjarna eiga.
54 Svanhvít festi síðan hann,
seggrinn[27] allvel[27] unni;
vífið elskar virta-mann
vel sem dygðin kunni.
55 Hrómund[28] Gripsson herrann lætr
hæstan mann í ríki;
ól við Svanhvít sonu[29] og dætr,
sá var kónga líki.
56 Aldri trú við tiggja brá,
tókust[30] mægðir slíkar,
kappa þeim eru komnar frá
kónga-ættir ríkar.
57 *[Kvæða biðja kurteis[31] sprund,*
*[eg kann þeim ekki neita[32];*
*glósað hef eg gaman um stund;*
***Griplur** skulu það[33] heita.*
58 *Þessar rímur[34] þiggi nú,*
*þreyttur er eg af mæði,*
*þ ú n g i mikill og þ r e t t á n bú, —*
*þar skal úti kvæði.*

[1]) Kappinn treyster kylfu *W, 146.* [2]) og k. *610.* [3]) bæsing *610, 146.* [4]) kom *W, 146.* [5]) Allur fra eg *610.* [6]) þa hadding sier *W, 146.* [7]) hlut *(*hel *W)* gat *W, 146.* [8]) *skift um 146.* [9]) eg hans *610.* [10]) Fylkir ber so *610* (sa *146*). [11]) er *146.* [12]) fyrrum *W;* fire *146.* [13]) kongum *W, 146.* [14]) Bana fekk hver *W, 146.* [15]) af *610, W.* [16]) budlungs *W, 146.* [17]) er bio sig titt *(*neitt *W) 146, W.* [18]) þegar *610.* [19]) *skift um W, 146.* [20]) var hann *610.* [21]) *v. 146.* [22]) brendan *146*; e. branda *610.* [23]) *v. W.* [24]) i *146.* [25]) Fylkis *610.* [26]) hann *W.* [27]) systur kongsins *W, 146.* [28]) *vís. á eftir 56 í 610.* [29]) syne *146.* [30]) takast þar *146.* [31]) Visna bidia volldug *W, 146.* [32]) valla ma þeim synia *W;* vilia þau eptir leita *146.* [33]) þær *W, 146.* [34]) visur *W, 146.*

# RÍMUR FRÁ VÖLSÚNGI HINUM ÓBORNA.

*AM 604 g, 4°.*

## I.

1 *Blanda skal eg fyr börnin glöð,*
*er beiða í fysta sinni,*
*Sónar foss og Suptúngs mjöð*
*saman og Ása minni.*
2 Óðin vissa eg[1], arfa Bors,
Ásía[2] veldi ráða,
jafnan vakti hann vigra fors,
val fekk örn til bráða.
3 Gramr er bæði fagr og fríðr
og furðu vænn að öllu,
orðin slétt, og einkar blíðr,
örr af greipar mjöllu.
4 Vísir reiknast vitr og hægr,
var það gjört að orði,
hér með var hann sterkr og slægr,
stóð honum eingi á sporði.
5 Spektar grein og spáleik prýddr,
sparði aldri seima;
kýngin mörg, sú kóngr er skrýddr[2a],
er kunn um alla heima.
6 Óðinn seldi auga sítt
annað bauga runni,
með því jókst honum manvit frítt[3]
og Mímis[4] drakk hann af brunni.
7 Hilmir kunni hverja list,
honum varð alt að ráði,
gramr hefr öngrar mentar mist,
mildr af grettis láði[5].
8 Ásgarður hét ágæt höll[6],
er Óðinn átti að stýra,
glóar hun öll með greipar mjöll[7]
og græðis eld enn dýra.
9 Það er en væna þeingils höll,
þökt var silfri hvíta,
því var líkust innan öll
jafnt sem gull að líta.
10 Bókin vill af borgar stærð
birta fólki ríku;
nú er það komið í mína mærð,
megi þér ráða af slíku.
11 Dyrnar vóru á hurða hjört
hundrað fimm og fjórir
tigir[8] — hafa slíkt Tyrkvir gjört
traustir frændur vórir.
12 Vissaeg ei í veröldu fyrr
væri stærri halla,
jafnfram geingu í einar dyrr
átta hundruð kalla.

[1]) *v. hdr.* [2]) og Á. *hdr.* [2a]) skyrdr *hdr.* [3]) sítt *hdr.* [4]) mínníz *hdr.* [5]) sade *hdr.* [6]) borg *hdr.* [7]) torg *hdr.* [8]) menn*(!) b. v. hdr.*

13 Í Óðins höll varð aldri húmt,
alskyns er þar[1] mæti,
flestum var þar fyrðum rúmt,
feingu allir sæti.

14 Skatna liði var skjöldúngs höll
skipuð í millum gátta,
stillis hirðin stór sem tröll,
styrkri var einn en átta.

15 Gramr var bæði sterkr og stór,
slægð bar hann af öllum;
öflgastur var Ásaþór
af Óðins köppum snjöllum.

16 Óðinn setti í landi lög,
hvé lýðir skyldu hegða;
vandar um það vísir mjög,
ef vill því nokkur bregða.

17 Döglíng skipaði dreingjum tólf
að dæma um málin vöndu;
þiljað var hilmis hallargólf
harðri fræníngs ströndu.

18 Fylkir lagði fornar spár,
forsögu vissi hann alda;
fylgdi þar með friðr og ár,
flestir trúðu hann valda.

19 Trúði[2] á stillir Tyrkja drótt,
tel eg það margan pretta[3];
óska fjöld og aura gnótt —
Óðinn gaf þeim þetta.

20 Margur trúði á málma Freyr
mildíng galdra lista,
sér vænti hverr er af vópnum deyr,
Valhöll muni þeir gista.

21 Letrið gjörir það ljóst fyr mér,
þá lýðir vóru í nauðum,
þeir báðu Óðin bjarga sér
bæði lífs og dauðum.

22 Evrópá og Ásíaheim
Óðinn átti að stýra,
í þriðjúngum[4] var[5] þessum tveim
þegna sveitin dýra.

23 Villan hefr sjá vorðið stór,
virðar hugðu báða
Óðin kóng og Ásaþór
öllum heimi að ráða.

24 Sjá lést gramr af sinni spekt,
— sú er af fítóns anda —
eyðast mundi öll hans mekt,
en Jésú vegr mun standa.

25 Óðinn bjó með allri list
aura gnótt og beima,
fylkir vill svó forðast Krist
og flýði norðr í heima.

26 Yfir Ásgarð setti Vila og Vé
vísir bræður sína;
skjöldúng frá eg að skorti ei fé,
skötnum má eg það tína.

27 Nefna mun eg þá Njörð og Frey,
af niflúngs vóru hendi;
gramr sat meðan í Óðins-ey,
en ambátt sína sendi.

28 Gramr helt fyst í Garða austr,
girntist þaðan til Saxa;
kærliga lét þá kóngrinn traustr
kynslóð sína vaxa.

29 Sá hefr heitið Gylfir gramr,
er galdra kunni fjölda;
Sviðþjóð stýrði siklíng framr,
sína gladdi hölda.

30 Gefjon heitir hrínga Hlín,
hun var Ásía ættar,
skjöldúng veitti hun skemtan sín,
að skröksögur urðu gættar.

[1]) þat *hdr.* [2]) Trvdv *hdr.* [3]) bleckia *hdr.* [4]) -gín *hdr.* [5]) var *v. hdr.*



31 Plógland gaf fyr skemtan skjótt,
— skili það pallar vórir —,
drógu það bæði dag og nótt
döglíngs uxar fjórir.

32 Snótin hefr á galdra í gnóg
gjört með vælum slíkum,
sonuna hefur sér fyr[1] plóg
samið í uxa líkum.

33 Landið slíkt, er Gefjon gaf
Gylfi að kvæðis-launum,
yxnin[2] drógu út í haf;
auðlíng komst að raunum.

34 Leystu þeir upp landið alt,
Lögrinn var þá eptir;
sannliga mun með Svíum á valt
sýnast slíkir greptir.

35 Segi eg það helst í Sviptúngs fund,
að synirnir galdra Freyju
þeir settu þessa grænu grund
gagnvart Óðins eyju.

36 Gefjon ræður grundu um aldr
og gjörði mart að starfa,
svanninn átti síðan Baldr
sannan Óðins arfa.

37 Liggja víkr í Leginum svá,
lýðum vil eg það inna,
þar mega ýtar Sæland sjá
svinnir, þeir er finna.

38 Sér það glögt á sínum hag
svænskra manna ræsir,
að myklu hefr hann minna lag
á menta fjöld en Æsir.

39 Óðinn sótti auðlíng heim
með alla sína dreingi,
bæði lönd og brendan seim
bauð hann honum með meingi.

40 Óðinn talar svó orðin snjöll:
»ekki skal því neita«.
Þegar lét stofna þeingill höll
þar er Sigtúnir heita.

41 Að flestu er þessi en fagra borg
sem fyrr var skrifuð með Tyrkum,
buðlúng[3] skipaði bæi og torg
brögnum sínum styrkum.

42 Lögmál slíkt og landsins rétt
lofðúng skipar með öllu,
sem Óðinn setti og áðr var frétt
Ásgarðs fólki snjöllu.

43 Á báli skyldi dauða drótt
drjúgum brenna alla,
þar með bjarta bauga gnótt
og bæði konur og kalla.

44 Vísan skyldu vegnir menn
Valhöll eiga að gista,
en sædauðir seggir senn
sig[4] til heljar vista[5].

45 Svó var gramr af gulli örr,
gaf til beggja handa
skötnum sínum skjöld og dörr,
skýfir hjálms[6] og branda.

46 Frigg var kölluð fylkirs kvón
Fjörguns dóttir væna,
ýtar telja falda frón
á flestar listir kæna.

47 Var svó Óðinn vífinn gramr,
valla fekkst hans jafni,
marga sonu gat fylkir framr,
fá má merkja nafni.

48 Niflúngs son skal nefna Skjöld,
nógu gjarn til rómu;
döglíngar yfir danskri öld
dýrir af honum kvómu.

[1]) til *hdr.* [2]) ygxen *hdr.* [3]) budlund *hdr.* [4]) æ *hdr.* [5]) vistar *hdr.* [6]) hialm *hdr.*

49 Ínga nefni eg Óðins nið,
aldri í sóknum vægir;
ættrif hans er ágætt lið:
Uppsala kóngar frægir.

50 Sæmíngs get eg að sönnu við,
siklíngs arfa ens snjalla;
jókst nú af þeim auðlíngs nið
ætt Háleygja-jalla.

51 Sigi var nefndur siklíngs mögr,
sá var vænn að líta,
ennið bjart en augun fögr,
ásjón berr hann hvíta.

52 Hilmirs son var hár og digr,
hann var sterkr að afli,
mönnum leist hann merkiligr
og mildr af greipar skafli.

53 Nú réð stofna Njarðar kván[1]
niflúng veislu eina;
Skaði hét sjá[2] skikkju Rán[2]
að skeinkti[3] vínið hreina.

54 Þegninn átti þrælinn þann
— þjóðum vil eg það skýra —.
Breði hét sá er með virtum vann
og veiddi fjölda dýra.

55 Refil skal nefna rakka hans,
reyndr að kostum mörgum,
görpum fæ eg greint til sanns
grimliga eyddi hann vörgum.

56 Sigi var þar[4] með sínum feðr
— segja mun eg það verða —
bað hann að fylgja, því blítt var veðr,
Breða til veiðiferða.

57 Breði fekk unnið björninn einn,
björt skein sól í heiði,
hilmirs son varð heldur seinn,
hann hrepti öngva veiði.

58 Ríkum var þá ræsis nið
reiði þyngri[5] byrði;
dáliga helt þá dreingrinn grið,
deyddi hann þræl og myrði.

59 Breða dró hann í breiðan skafl,
banaði síðan rakka,
ræsis niðr hefr reynt sitt afl,
reiðan gjörir því sprakka.

60 Sigi kom aptur síð um kveld
og settist þá til drykkju;
mjög var Skaði[6] í máli sneld,
mælti af grimmri þykkju:

61 »Hvar er hann Breði?« kvað bauga[7] [Hlín.
Bragníng réð að ansa:
»ekki vildi þrællinn þín
þjóna, mér til vansa.

62 Kafnaðr var hann í kránkri mjöll,
kveð eg ei fleira skipta,
ellegar get eg að trúðig tröll
tekið hafi lífi að svipta«.

63 »Orðin þín eru eigi sönn
— ansar þann veg sprakki —
Breða muntu hafa banað í fönn,
bæði er dautt og rakki«.

64 *Mín skulu þessi[8] ljóðin lögð,*
*lýk eg Ása minni;*
*tel eg að reiki bernsku brögð,*
*bið eg að óði linni.*

II.

1 *Blandast dreggin Þriðja þykk*
*Þráins af varra flæði[9]*
*við Sigmundar sinnu drykk,*
*sem eg því annað fræði.*

[1]) kuañ *hdr.* [2]) sa . . . rann *hdr.* [3]) skenkia *hdr.* [4]) þar *v. hdr.* [5]) þungri *hdr.* [6]) Skada *hdr.* [7]) þorna *hdr.* [8]) ekki *hdr.* [9]) flodi *hdr.*



2 Virðum skipaði veiðimanns
víf að leita fjórum;
bragnar fundu búkinn hans
Breða í skafli stórum.

3 Garpar fundu í gildri þá
gagarinn[1] ræntan lífi,
höldrinn fór þá hverr sem má
heim og sagði vífi.

4 Virðar gjörðu verkin sönn,
valla líkar sprakka.
Við Breða er kend en breiða fönn
beint og svó við rakka.

5 Sigi var þá til sektar dæmdr,
og svó lauk þessu hjaldri,
og svó lángt í löndin flæmdr,
hann leit sín óðul aldri.

6 Óðinn skipaði arfa sín
eina skeið úr landi;
ýtum vakti hann unda vín
og aflar sjóð[2] með brandi.

7 Sigi vann bæði sæmd og dáð,
seggjum má eg það skýra;
einnveg fekk hann ríkis ráð
og rekka sveit að stýra.

8 Stillis arfar stýrðu tveir
stóru Garðaríki;
svinna áttu systur þeir,
sást ei hennar líki.

9 Sigi kom þar með sína drótt
systur þeira að biðja;
niflúngs arfar níttu skjótt;
nú vex élið Þriðja.

10 Sigi vann þar með sæmd og dáð
sigr í miðjan máta;
bragníng fekk svó brúðar náð,
að bræður hennar játa.

11 Siklíngs arfar sóru grið,
Siga þeir[3] hvergi pretta[4]:
»níðíngs tekr sá nafnið við,
ef nokkur geingr á þetta«.

12 Lúktu allan meyjar mund
mildíngs arfar stilli;
Sigi helt heim með seima Hrund
sæmdum prýddr og snilli.

13 Sigi réð herja sumarið hvert,
en sat hann heima að hausti,
orðið er þá ýtum bert,
örr[5] var[5] gramr enn hrausti.

14 Rera[6] skal nefna ræsis kund,
reyndr að frægð og snildi[7],
varð hann kóngs[8] að verja grund,
vandist brandi og skildi.

15 Mildíngs arfa móðurbræðr
mintust[9] fornra skipta;
föðrinn hans, er ríkjum ræðr,
réðu hann lífi að svipta.

16 Ýta er það sumra sögn,
svikinn var gramr í trygðum,
reyndi hann áður rómu[10] gögn
í rekka hjarta-bygðum.

17 Sigi fell þar með sína hirð,
svó skal vísu greiða,
veittu griðin með vélum stirð
og vildu rjúfa eiða.

18 Reri var ei í rómu staddr,
er ræsir týndi lífi;
af hilmis syni var herrinn kvaddr
hölda[11] að ræna lífi.

19 Rekkum var til rómu stefnt,
Reri vann mart til dáða;
fullvel hefr hann föður síns hefnt
og feldi hann kónga báða.

[1]) gagar *hdr.* [2]) þiod *hdr.* [3]) þeir *v. hdr.* [4]) fretta *hdr.* [5]) aurfa *hdr.* [6]) Rerr- *hdr. alstaðar.* [7]) snilli *hdr.* [8]) kongr *hdr.* [9]) neyttu *hdr.* [10]) roma *hdr.* [11]) helldr *hdr.*

20 Ríkin tvenn og ræsis nafn
Reri tók átta[1] vetra;
trautt fekst annar tiggi jafn
týnir orma setra.

21 Mildíng vann svó mykla frægð,
mér er seint að telja;
greini eg hitt að göfga mægð
gjörði hann sér að velja.

22 Íngi hét sá stillir sterkr,
er stýrði svænsku veldi;
rekka sína ræsir merkr
reifði hann flæðar eldi.

23 Dögling átti dóttur sér,
dáðum prýdd og mildi;
Íngigerði ýtar mér
auðar nefndu Hildi.

24 Lauka þöll var ljós og rjóð,
lista kunni hun fjölda
tígin mær var túngufróð,
í tafli vann hun hölda.

25 Reri kom þar með rekka sín,
ræsis náði hann fundi;
bragníng væna bauga Lín
bað hann að kaupa mundi.

26 »Kýs eg fyrr — kvað þeingill þá —
[en þín sé[2] silkifreyja,
dögling, eptir dagana þrjá
darra þíng að heyja«.

27 Róman varð að ræsis vild,
Reri hjó stórt með brandi,
odda hríð var einkargild,
Íngi hné frá landi.

28 Auðlíng setti Ínga haug
og ýta hjá honum vegna,
siklíng fekk honum sverð og baug;
svó skal göfga þegna.

29 Bragníng drakk nú brúðhlaup sitt
bæði og erfi Ínga;
sparði eigi við fólkið frítt
frægíngs dýra bínga.

30 Siklíng var hann á svænskri láð
og svó yfir Garðaríki,
frægr var hann á fremd og dáð,
fanst hans valla líki.

31 Þessi gramr, sem greint var mér,
og grundin Friggjar tára
gátu öngvan arfa sér
innan margra ára.

32 Tiggi prúðr og tvinna Gná
tóku á Frigg að heita,
Óðinn skal þeim arfa fá,
afa sinn bað hann það veita.

33 Óðinn heyrði bragníngs bæn,
búinn fleira[3] að veita,
svó að ei eyddist ættin væn,
ei mun hann þessu neita.

34 Óðinn sendi eplið grænt,
að þau skyldu bíta
frændi hans og vífið vænt,
vísir mun því hlíta.

35 Lét þá Hljóð[4] í lofðúngs knén[5]
lítið epli detta,
bragníng lofaði og brúðrin vén,
blíðr varð hann við þetta.

36 Leiddi gramr í lítið hús
leggja[6] fanna þrúði,
eplið bitu þau einkar fús,
eldið jókst með brúði.

37 Leið svó framm um lánga stund
fyr lindi silkiklæða;
mér var sagt, að mildíngs sprund
hun megi ei barnið fæða.

[1]) *les* þrettán (xiij *lesið sem* viij) *eða* átján? [2]) þesse *hdr.* [3]) *á eftir* veita *hdr.*
[4]) *svo Bugge í Ark. V. 5*, hliott *hdr.* [5]) kne *hdr.* [6]) lægia *hdr.*



38 Leiðángur[1] úr landi þá
lofðúng bjóst að halda;
skildist gramr við skallats Ná,
sköp munu slíku valda.

39 Býleits tók að bjóða heim
bróðurdóttur stilli
eptir margan sverða seim,
er siklíng vann með snilli.

40 Þeingill talaði þessi orð
— þegnar leggja í minni —:
»heilsa skuli þér hrínga skorð
heim — kvað gramrinn svinni —.

41 Nú er með barni bauga grund
— kvað býtir[2] Draupnis sveita —
lýðir vil eg að lofðúngs kund
láti Völsúng heita.

42 Víðfrægr mun sjá vísis kundr
verða af sinni snilli;
Óðins berr sá ættar lundr
afl af hverjum stilli«.

43 Drottníng sagði döglíngs lát
drótt með slíkum hætti;
drós var heldur döpr en kát,
dró þá hennar mætti.

44 Var svó fulla vintur þrjá,
vant er slíkt að ræða;
brúðrin svó með burðinn lá,
barn mátti ekki fæða.

45 Drottníng sá fyri dauðann sinn
og dreingjum þetta tjáði:
»enn mun halda arfi minn[3]
önd með vóru ráði«.

46 Djúpsett ráð eru drottníng friðr,
dauðinn sótti að vífi;
fljóðs var skorinn með knífi kviðr,
kóngsson helt svó lífi.

47 Mildíngs son gat svó móður sín
mæta leyst með knífi;
svanninn dó með sára pín,
svó hefr frést af vífi.

48 Vísis son fekk Völsúngs nafn,
varði stjórn og ríki,
honum varð einginn hilmir jafn,
hvergi fanst hans líki.

49 Skera varð negl og skjöldúngs hár
— *skal þar fyst að sinni* —
fagrt var það sem Friggjar tár
— *falla*[4] *Ása minni* —.

## III.

1 *Minni vilda*[5] *eg vella Bil*
*Vestra bátinn iðja*[6]*;*
*rausa eg jafnan rímuspil,*
*ef rekkar nenna að biðja.*

2 Fæ eg það greint, hvé fagrt var skaptr
fleygir nöðru bekkja;
mikill var Óðins kýngi-kraptr,
kann það margan blekkja.

3 Völsúng var svó vænn og fagr,
vitr og snjallr í máli,
einkar blíðr og orðahagr
örr af greipar báli[7].

4 Einkum var sá stillir sterkr,
stórt hjó hann með brandi,
rausnarsamur, ríkr og merkr,
réð fyr hverju landi.

[1]) Leidangrs *hdr.* [2]) hreytir *hdr.* [3]) þinn *hdr.* [4]) falli *hdr.* [5]) baud *hdr.*
[6]) jdra *hdr.* [7]) stali *hdr.*

5 Fylkir hefr þá felda tólf
feingið nöðru[1] galla,
er skeiðum helt á skeljúngs[2] gólf
skerðir frænings palla.

6 Hilmir tók svó strandhögg stór,
stillíng fylgir eingi,
bál var kynt þar bragníng fór,
breytti hann þann veg leingi.

7 Víkíngarnir víða um lönd
þeir verða háls að beygja,
bragníng galt þeim bana fyr önd,
blámenn lét hann deyja.

8 Völsúng er svó vaskr og[3] ern,
falla fekst hans líki,
kempan sjá vill kónginn hvern
kúga í burt af ríki.

9 Þeingill hafði þetta starf
þrettán vetr í rennu;
feginn varð margr, er hilmir hvarf
heim frá geira sennu.

10 Unnið hafði hann þjóðlönd þrjú
þeingilsson með kneiti;
Völsúngs[4] gjörðist virðum nú
víða kunnigt heiti.

11 Völsúngs frami[5] er vorðinn kuðr
vestr um heimsins bygðir,
einn veg bæði austr og suðr,
ekki eru það lygðir.

12 Leingi stýrði landi nú
lestir Fófnis teiga;
leit hann eigi svó fagra frú,
að fýstist hann að eiga.

13 Óðinn sendi hilmi Hljóð
honum til eiginbrúðar;
valla hittist vænna fljóð,
var honum það til snúðar.

14 Trausta syni gat tíginn gramr
tíu[6] og dóttur eina;
Sigmundur hét sveinninn framr,
sá kann rjóða fleina.

15 Þeingils börn eru vitr og væn,
víða er dást að slíku;
svó var mærin svinn og kæn,
sem samdi vífi ríku.

16 Tvíbura nefni eg tiggja börn
tvau fyr yðr enu úngu;
Signý nefndist silki-Hörn,
sú var fróð á túngu.

17 Öll vóru kurteis kóngsins börn,
kunnigt er það víða,
varma bráð slítr[7] valr og örn,
þar er Völsúngarnir stríða.

18 Fátt stóð nú við feðgum þeim,
þá firðar þeyttu lúðra;
Völsúngs nafn fór víða um heim
og vísis barna prúðra.

19 Völsúngarnir[8] víða um land
vildu prófa að herja;
kendi þeim að rjóða rand
reynir Fófnis skerja.

20 Völsúngs hirð er af víni glödd[9],
var þar alskyns prýði,
[orma dún og Iðja rödd[10]
auðlíng veitti lýði.

21 Völsúng hefr að virðíng jafn
vísir orðið eingi;
taka hans frændur tígnar-nafn,
tállaust var það leingi.

22 Siggeir réð fyr Gauta grund,
— gjöri eg svó vísu leingja —;
vísir helt á Völsúngs fund
við fimm hundruð dreingja.

---

[1]) hædu *hdr.* [2]) skeliung *hdr.* [3]) *v. hdr.* [4]) wolsung *hdr.* [5]) nafn *hdr.* [6]) tigu *hdr.* [7]) slít *hdr.* [8]) Wolsungar *hdr.* [9]) glaud *hdr.* [10]) orosta *(mislesið f.* ora*)* dun eíd^w raud *hdr.*



23 Virðar drukku vínið frítt
í Völsúngs dýrri höllu,
bragníng gjörði bónorð sitt
bert fyr fólki snjöllu:

24 »Er það híngað erindið mitt:
eg vil fá mér brúðar;
mætti verða mægið frítt;
mér er það til snúðar.

25 Mektug giptist mætust[1] frú[1]
mætum odda hvessi«.
Harðliga sagði hoskri frú
hugr um ráðin þessi.

26 Brúðlaupstíð var bráðla nefnd
og boðið til mörgum lýði;
að Völsúngs ríki var veislan stefnd
og vandað alt með prýði.

27 Nú kom brátt á nefndri tíð
nættíngs[2] allir Gautar;
hverjum var skipuð höllin fríð
hreyti Fófnis lautar.

28 Þá er um veggi þeingils höll
þakið með gyltum skjöldum,
gjörvir og slúngnir greipar mjöll,
og grænum silkitjöldum.

29 Berg eitt stóð í breiðum sal,
botstokk ýtar kalla;
dýrligt var þar dreingja val,
drótt fekk slíka valla.

30 Apaldurs blóm með eplum stendr
upp á þessu bergi,
lundr er sá með laufum vendr,
líta má slíkan hvergi.

31 Vísar drukku vín og mjöð
og virða sveitin snjalla,
en þar sátu inni glöð
átján hundruð kalla.

32 Maðr gekk inn í hilmis hall
og helt á slíðrar teini;
berfættr er sá komni kall,
knept er brók að beini.

33 Gestrinn hafði girskan hatt,
gumna kvaddi hann eingi,
eineygðr var hann og er það satt,
öngum heilsar hann dreingi.

34 Virðum þótti hann viðbragðs skjótr,
var það eigi í eklu,
ysta hafði bauga-brjótr
bláflekkótta heklu.

35 Bauga Týr í bergið fal
brandinn upp að hjalti.
»Traustligt er hér tiggja val
— talaði kallinn halti —.

36 Sverðið gef eg þeim seima lund,
er sjálfur dregr úr bergi«.
Lýðir eptir lítla stund
litu þeir manninn hvergi.

37 Hverr að öðrum hrannar dags
hreytir gekk að bergi;
þessi enn bitri benja lax
bifast með öllu hvergi.

38 Hverjum fast var heinar láð
hreyti Draupnis sveita;
Sigmundur gat sverði náð
og segir að Gramr skuli heita.

39 Siggeir falaði sverðið þá,
Sigmund vill eigi lóga;
ramliga lagði hann reiði á,
því ræsir hafði nóga.

40 Nú bjóst þegar að nóttin leið
niflúng burt frá veislu;
Signý fylgdi siklíng reið;
Siggeirs reikna eg beislu.

---

[1]) *les* menja brú? [2]) niflungs *hdr.*

41 »Völsúng, bið eg ef vildi þér
veita bauga lesti,
þér skuluð veislu þiggja af mér
að þrettán vikna fresti«.

42 »Veiti eg þér — kvað fylkir framr —
fysta þína beislu«.
Sigldi í burtu enn gauski gramr;
gráliga bauð um veislu.

43 Ræsir bjóst með rekka val
og röskva sína arfa.
***Fullgjört hef eg í sinnu sal***
***Suðra vænan karfa.***

## IV.

1 *Dýran skeinki eg Durnis bjór*
*drótt í fjórða sinni.* —
Völsúng svó til veislu fór,
að virðar leggi í minni.

2 Skaut úr landi skeiðum[1] þrimr
skerðir nöðru fitja;
mildíng hugðist mælsku-fimr
mágs og dóttur vitja.

3 Föður sinn hitti falda laut,
fóru slík orð af[2] vífi,
hilmir biðr hun halda á braut
— »og hjálpir þínu lífi«.

4 Fljóðið talar við föður og bræðr:
»þér finnið Siggeir aldri;
láti þér, ef lofðúng ræðr,
lífið í vópna hjaldri.

5 Niflúng hefr um næstu lönd
náliga hverjum manni
safnað beint að rjóða rönd
— réð svó mæla svanni —.

6 Yðvart[3] líf er ekki falt
oss, en þér munuð hníga;
mildíng hefr þú meingið valt
meir til skrauts en víga«.

7 Döglíng svaraði dóttur sín:
»dauða skal eigi kvíða;
ef eg er svikinn af mági mín,
mörgum skal þá svíða.

8 Öngu kvíð þú, ágæt mær,
um óra[4] fundi neina;
hefr þú ei spurt, að hræðunst vær
hvórki eld né fleina.

9 Hundrað sinnum hefr sá gramr
háða sókn und merkjum;
í Rúscíá varð eg rómu tamr,
reynda eg mig með Serkjum.

10 Eitt sinn kemr lífs endadægr
öllum lýð um síðir;
sá telst einginn siklíng frægr,
er sínum dauða kvíðir.

11 Vertu blíð við bóndann þinn,
bana skalt ekki nefna;
drósin mundu dauða minn,
ef döglíngs mættir hefna«.

12 »Þúngan kost á vífið vænt
af vísir þeim inum arma,
er slíkan föðr hefr frá mér rænt
og fræga mína barma«.

13 Drósin skilst við döglíng þá
döpr og sína hlýra;
í tárum flaut, sem telja má,
tvinnaspöng en dýra.

14 Hilmir talar við hölda blítt:
»hvergi skulum vær renna,
þó vildara þætti vífið frítt[5]
virðum[6] heima að spenna.

---

1) skidum *hdr.* 2) *falli burt?* 3) Ydart *hdr.* 4) ôrfa *hdr.* 5) blitt *hdr.* 6) virda *hdr.*



15 Ef virðar koma í vópna glamm
— Völsúng frá eg svó mælti —
glaðliga skulum vær gánga framm,
þar geirinn sýngr enn stælti«.

16 Skjöldúng geingur skeiðum frá
skamt á græna völlu,
áðr en mildíng merkin sá,
múgrinn dreif frá höllu.

17 Sýnn var munr um manna fjöld,
mættust þessir garpar,
ramliga varð ei róman dvöld,
og reyndu eggjar snarpar.

18 Siggeir hafði múga manns,
má það telja valla,
en í móti mágur hans
með þrjú hundruð kalla.

19 Völsúng óð í vópna glamm,
virða lét hann hníga;
skjöldúngs arfar skunda framm,
skamt var milli víga.

20 Stillis gjörði inn gildi[1] fleinn
gumna brjóst að kanna;
taldir eru tólf um einn
traustra fylkis manna.

21 Svó var þessi inn gamli gramr
grimmr að snarpri hildi,
einginn var svó frækn[2] né framr
að fylkirs bíða vildi.

22 Stillir reiddi enn bitra brand
báðum hauka ströndum;
seggja klauf hann sinnu land,
svó söng í gyldum röndum.

23 Rekkum veitti hann ramlig högg;
réðu honum að fylgja
synirnir hans í darra dögg;
djúp varð unda bylgja.

24 Ruddi hann þeim nú rúma braut,
rufu þeir fylkíng hverja;
margan drap sá málma Gaut
mýgir Fófnis skerja.

25 Fóru í gegnum feðgar þeir
fylkíng átta sinnum;
margur hné fyr gyltum geir,
get eg það haft í minnum.

26 Niflúng varð í níunda sinn
nár, er bjóst að rjúfa
fylkíng grams, þar er stálin stinn
sterkar randir kljúfa.

27 Hjuggu[3] stórt með höndum tveim
hilmis arfar gildir;
bönd eru færð að bræðrum þeim
bæði senn og skildir.

28 Bragnar vóru bundnir fast
báðum sínum höndum;
sveinum helt hið seiga bast,
sviptir gyldum röndum.

29 Var svó gjölla Völsúngs þjóð
vegin að lifði eingi;
spurði þetta hið fagra fljóð
föður síns lát af meingi.

30 Þúngan harm bar gullaðs Gná,
gekk þó stilli að finna;
Signý talar við siklíng þá,
seggjum má eg það inna.

31 »Bragníng mínum bræðra flokk
bana þú ei svó snemma;
láttu heldr enn sterka stokk
stillis arfa hremma«.

32 »Verra er það vöskum segg
— vísir þann veg sagði —
en láta sitt fyr laufa-egg
líf að skömmu bragði«.

---

1) gylldi *hdr.* 2) fræken *hdr.* 3) Hiugiv *hdr.*

33 »Fornt er það, kvað fljóðið, mér
fyrða mál að sönnu:
unir við meðan uppá sér
augu á bauga Nönnu«.
34 Vísir lét svó verða það,
sem vífið talar hið mæta;
feldur er þá stokkr í stað
stillis arfa að gæta.
35 Naktir skyldu, en nótt var myrk,
niflúngs arfar sitja;
ylgrin kom þar einkar styrk
afreksgarpa að vitja.
36 Bragníngs son fyr bræðra knjám
beit og tók að snæða;
tögg hun hann með tönnum blám,
tröllslig var þá fæða.
37 Nógu þótti nóttin löng
Nönnu snáka fitja;
sendir álla seima spöng
sinna bræðra að vitja.
38 Brátt kom aptur sendi-sveinn
og sagði þann veg vífi:
»hlýri þinn er horfinn einn,
en halda aðrir lífi.
39 Svó eru blíðir barmar þín
sem[1] buðlúng gleddi[2] dreingi,
eða þeir drykki hið dýra vín;
dauða kvíðir eingi«.
40 Lifði einn sá lofðúngs niðr,
er lángt bar frægð af öllum;
mest ann þessum svanninn sviðr
siklíngs arfa snjöllum.
41 Sína nótt að sveininn hvern[3]
siklíngs[4] mátti[4] harma,
Sigmundur var svinnr og ern
Signýjar eptir barma.
42 Sigmund hittir seima strönd
síð á kveldi þessu,
strauk hun fleski um stokksins bönd,
slíkt má tæla skessu.
43 Hunángi rauð um túngu og tenn
tiggja snót og góma,
fé varð betra fylkir enn
fljóðsins þángað-kvóma.
44 Ylgrin kom sem endranær,
æði hefr hun trölla,
trausta feiti túngan fær
og tannar böndin gjölla.
45 Túngu lagði en trylda snót
tiggja innan varra,
tönnum frá eg að tók á mót,
traust varð ráðið svarra.
46 Í stokkinn setti hun sterkar klær,
stökk hann grams af fótum,
úr trölli gekk — sem teljum vær —
túngan öll með rótum.
47 Æpandi hljóp ylgr í braut[5],
en eptir dvaldist túnga;
álla hitti linda laut
lausan svein enn únga.
48 Fylgdi hun stilli í foldar rann
fljóð og gekk til skógar;
leitar skjótt að lækna hann
og leit þar undir nógar.
49 Réð svó skilja ristill örr
við ræsis arfa enn snjalla.
***Vitulis** læt eg Vestra[5] knörr*
*vatis þenna falla.*

[1]) *v. hdr.* [2]) gladdi *hdr.* [3]) huer *hdr.* [4]) sikling mæddi *hdr.* [5]) burtt *hdr.* [6]) uesta *hdr.* *(Möb).*



V.

1 *Fara skal enn hin fimta nú*
*Fjölnis óskabyrði;*
*hróðrar bundin held eg nú*
*henni, ef fundin yrði.*
2 Það skal segja þessu næst
af þrúði[1] fannar arma,
furðu mjög hefr fljóðið æst
föður síns lát[2] og[2] barma.
3 Siggeir þóttist sigri gæddr,
Signý fekk[3] það nauða;
vísir hugði og varð ei hræddr
Völsúnga alla dauða.
4 Sveina þrjá gat siklíng nú
við sínu eiginfljóði;
sendi alla svinna frú
Sigmundi af hljóði.
5 Síðan tók hann systur mög
sáð úr[4] belg að greiða,
næsta fær þar nógan lög,
ef nennir brauð að breiða.
6 Völsúngs sonr á veiðar fór
og vitjar heim að kveldi;
vísis arfi vella þór
vildi brauð að seldi.
7 »Það er þú fekst mér, frændi vór,
furðu tók eg snemma;
í mjölinu var svó maðkrinn stór;
mátti eg hann ekki kremma«.
8 Hilmir frá eg þá heinar gólf
heiptar fullr að hrífi;
sveinninn var þá vintra[5] tólf,
er vísir rænti hann lífi.
9 Svanninn leyfði sínum bræðr
sveina að ræna lífi
Siggeirs alla, ef Signý ræðr;
sú var grimd á vífi.
10 Drap hann þá liðið var árið eitt
annan Siggeirs arfa;
hann fær eigi brauðið breitt,
þjóst[6] hann slíkt að starfa.
11 Völvu hitti vísis sprund,
var það lítil gipta;
lét hun hana um lítla stund
litunum við sig skipta.
12 Sigmund hitti hið væna víf
og vill sig ekki nefna,
þvíað hun vildi leggja á líf,
að lofðúngs mætti hun hefna.
13 Eigi kendi systur sín
sviptir gullsins hreina;
svefn hefr hann við silki-Hlín
sæng og blæju eina.
14 Lítlu síðar listug frú
leyndist burt frá harra;
lautar tók þá linna brú
lit sinn aptr af svarra.
15 Leið svó framm, sem ljóða eg nú
um lindi ægis bríma;
fæddi blíðust bauga brú
barn í settan tíma.
16 Sveinbarn átti Signý þá,
Sinfjötli skal heita,
sá mun rjóða brandinn blá
í bragna rauðum sveita.
17 Feingið hefr hann fimm og þrjár
Fófnis dauða-sóttir;
enn Sinfjötla sínar tjár
sútir Völsúngs dóttir.

[1]) þrvdi af *hdr. með flutníngarmerkjum.* [2]) latit *hdr. (Möb.)* [3]) fra eg *hdr.* [4]) ok *hdr.* [5]) uíntrar *hdr.* [6]) baudzt *hdr.*

18 Honum[1] tjáði hun handa saum,
harmfull eru þau bæði,
sveinninn gefr að sútum gaum,
saman fór hold og klæði.

19 Svanninn talar við sveininn sinn,
Signý mintist rauna:
»beint mun þér eigi bróður minn
bleyði þurfa að launa«.

20 Sér kvað eigi svíða skinn —
»svó munum við nú skilja,
hindra get eg ei hlýra þinn
um[2] hennar slíkan vilja«.

21 Líneik fylgdi á leyndar-braut
listug arfa sínum;
»sendi eg þig — kvað silkilaut —
svinnum bróður mínum«.

22 »Þér bað heilsa móðir mín,
mun eg það eigi ljóna;
mig hefr sendan systir þín
sjálfum þér að þjóna«.

23 Völsúngs sonr að venju bauð
veiti Fófnis landa:
»sveinninn skal nú semja brauð,
meðan sæki eg eldibranda«.

24 Mildíng talar, er mjöl var krikt:
»máttu á þessu fæðast?;
fantu ekki, kauðinn, kvikt?
kantu ei orma að hræðast?«.

25 »Í fysta sinn með fíngri mér
fann eg nokkuð kræla;
vökvann gaf það sjálft af sér
— svein frá eg þetta mæla —.

26 Maðkinn hef eg mart[3] í sundr,
mjölinu kom eg í dígla;
þikki mér ei — kvað þeingils kundr —
þurfa að hræðast snígla.

27 Gjörvalt hefr eg brauðið breitt,
bragníng, máttu snæða,
eigi þarftu, auðlíng, neitt
oss við slíkt að hræða.

28 Nær skal minnast, fylkir framr,
föður þíns[4] dráp við tiggja?;
hér með áttu að hefna, gramr,
hlýra sex og þriggja«.

29 Svó er þá orðinn bragníng blíðr,
hann brosti hvítum tönnum:
»sannliga hefr þú, sveinninn fríðr,
svipinn af vórum mönnum«.

30 Seggir fóru síð um kveld
Siggeirs hallar vitja;
þar mun drottníng döpr og hreld
döglíngs inni sitja.

31 Feingu þeir sér fagran sess,
fýsti þá að dvelja;
garprinn vildi gjöra til þess,
gulls að heyrði selja.

32 Bauga Týr réð bíta hnot,
bragníng réð það heyra; —
»hér er Völsúngum vistaþrot,
vekja skal þeim dreyra«.

33 Vífið kvað honum viskuþrot
vorðin[5] mest af öngu,
að »bragnar munu þeir bíta hnot,
er banaðir þú fyr löngu«.

34 Byrði axlar beit svó skjalt
beygir[6] sterkra randra,
fylkir heyrði og fólkið alt,
frúnni jók það vanda.

35 Léku að gulli lofðúngs börn
og leita baugsins rauða;
sögðu fylki og seima Hörn,
að sæi þau kalla snauða.



36 Börnin færði hun bróður sín,
brúðrin réð úr vöndu,
»Sigmund, hafa þau sagt til þín,
þú svipt þau bæði öndu«.

37 »Bana eg ei fleiri börnum þín«
bragníng svarar enn teiti;
bæði hjó þá syskin sín
Sinfjötli með hneiti.

38 Svarðar stofn í siklíngs höll
Sinfjötli lét fljúga;
bragníng kendi brúna fjöll,
beint mun eg ei það ljúga.

39 Siggeir lét þá sína menn
sækja að þeim báðum;
Völsúngarnir vörðust enn
vel með snild og dáðum.

40 Hildrin var svó hörð og löng,
hneitir gall í röndum,
bragnar urðu í brodda söng
báðir teknir höndum.

41 Það er mér greint af þeira snild,
er þikkir trúligt valla,
sæfðu þeir af sinni vild
sex tigu valdra kalla.

42 Nöktum var þá, en nótt var dimm,
niðr í gröf svö djúpa
síðan steypt, en sæng var grimm
Sölla meiðum hjúpa.

43 Það hef eg frétt, að steinninn stór
stæði þeira í milli,
sínu megin lá seggrinn hvór;
svó réð gramrinn illi.

44 Hálmfáng eitt gat fljóðið fært
frægum sínum arfa;
köppum gat því kæran tært,
og kom[1] til fullra þarfa.

45 *Þar skal Herjans hrosta-tjörn*
*hvílast fyst að sinni;*
*því mega Durnis dælu-björn*
*dreingir leggja í minni.*

## VI.

1 *Horfið hef eg frá höldum þar,*
*að hvílast mætti valla,*
gramr og sveinn í gröfinni var,
greini eg það er þeir spjalla.

2 »Hér er í hálmi fleskið feitt
— frá eg það sveininn mæla —
mér hefr jafnvel mækinn greitt
móðir vór en sæla«.

3 »Þá þarf eigi — kvað fylkir framr —
feigð né sult að kvíða;
jafnt kann minn enn góði Gramr
grjót og mold að sníða«.

4 Raufa[2] hellu rítar[3] grand
ræsis[4] frá eg að næði;
skáru þeir með bitrum brand
bergið jafnt og klæði.

5 Grófu síðan grjót og mold,
Gram frá eg allvel bíta,
uns þeir kvômu á fagra fold
og fylkirs höll mega líta.

6 Virðar báru að vísis höll
viðinn og skíðið þurra;
kveyktu síðan kastar tröll
kátir frændur Burra.

---

p. 56: [1]) Hunum *hdr.* [2]) *falli burt?* [3]) mtt *hdr.* [4]) sins *hdr.* [5]) vornden *hdr.* [6]) baugir *hdr.*

p. 57: [1]) koma *hdr.* [2]) Raufar *hdr.* [3]) ytar *hdr.* *(Möb.)* [4]) ræsir *hdr.*

7 Höldar geymdu[1] hallar dyrr,
hilmir brá þá svefni,
glaðliga brann hinn grimmi hyrr,
gnóg eru til þess efni.
8 Vísir svarar og varð ei[2] hýr,
víkr hann þann veg máli:
»hverr á ráða randa Týr
reykjar gnótt og báli?«.
9 »Völsúngs sonr enn ýngsti einn
eldi kann að stýra;
þessi hyrr og Suðra sveinn
skal selja þér hið dýra.
10 Sigmund vill nú sjálfur hér
sinna hefna nauða;
þú hefr áður, þeingill, mér
þrysvar stefnt til dauða.
11 Niflúng, drapt minn nýtan feðr
og nóga mína barma;
þitt skal brenna búki meðr,
bragníng, ístr og þarma«.
12 Hilmir talar við systur sín
og segir með slíkum hætti:
»vilda eg að vilja þín
veita það er eg mætti.
13 Vilir þú gánga úr eldi út,
auðar gátt, af höllu,
hvórki fær þú sorg né sút,
sjálf skalt[3] ráða öllu«.
14 »Öllu er eg nú yndi svipt
— orma dúns kvað Freyja —
nauðig varð eg niflúng gipt,
nú er eg fús að deyja.
15 Til dauða hefr mér stefnt og steypt,
stóra fekk eg harma,
fullvel hef eg nú flesta keypt,
föður míns hefnt og barma.
16 Sinfjötla ertu að sönnu feðr,
Sigmund« — auðs kvað þilja;
Völsúngs dóttur virða kveðr:
»við munum hljóta að skilja«.
17 »Föður hef eg mist í fleina hríð
— fylkir talar af móði —
ber eg hlýri þinn[4] hættligt stríð,
hygg eg aldri af fljóði.
18 Miklu er þetta meira vert
— mildíng talar hinn svinni —
en það verði brögnum bert,
að brennir þú hér inni«.
19 Vísir kysti vella Hlín;
vann það arfi skylja:
með mækir sneið hann móður sín,
mun eg þess ekki dylja.
20 Hyrrinn upp í hallar ræfr
hann hljóp yfir fólki rösku,
tjörgaðan við sem tróð og næfr
tögg hann alt að ösku.
21 Bæði hefr þar látið líf,
líkligt má það kalla,
Siggeir kóngr og kurteist[5] víf
og kappa sveitin snjalla.
22 Þeingill hafði þetta starf,
þreytir nöðru fitja,
feingið nógan föður síns arf,
fýstist heim að vitja.
23 Rak hann í burtu þeingil þann,
er þar var áðr að röngu,
drap þar margan döglíngs mann,
er drjúgum tel eg að öngu.
24 Völsúngs son tók vísis nafn
yfir víðu Húnalandi,
örnum gaf hann[6] og úlfum tafn,
ef auðlíng vó með brandi.

[1]) geymdi *hdr.* [2]) eigi *hdr.* [3]) skal *hdr.* [4]) *v. hdr.* [5]) kurteis *hdr.* [6]) *v. hdr.*



25 Feðgar þeir um Frakkaland
fóru víða að herja,
báru jafnan blóðga rand
brjótar Fófnis skerja.
26 Þeingill fekk sér þrifligt sprund
og þar með nöðru teiga;
Brynhildr hét sú bauga grund,
er bragníng gekk að eiga.
27 Sonuna gat við sinni frú
Sigmund halla dýra,
Hrómundur sem Helga nú —
hratt er kónga að skýra.
28 Frægr var Helgi — fæ eg það
furðu tel eg[1] hann snjallan [greint—
Sinfjötli hefr segginn beint
samið við herskap allan.
29 Bæði var sjá stillir sterkr,
stórt hjó hann með bröndum,
tólf vetra var tiggi merkr,
hann tók að[2] stýra röndum.

[1]) *v. hdr.* [2]) *v. hdr.*

# EFNI:


Lokrur I—IV . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . bls. 1—10

Þrymlur I—III . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . — 11—16

Griplur I—VI . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . — 17—42

Völsungsrímur I—VI . . . . . . . . . . . . . . . . . . . — 43—59